

Frjáls

PALESTÍNA

Málgagn Félagsins Ísland-Palestína – 1. tbl. 23. árg. – Janúar 2012

Söguleg stund fyrir Alþingi og íslenska þjóð:



Viðurkenning Palestínu

Þann 29. nóvember síðastliðinn samþykkti Alþingi ályktun um að fela ríkisstjórninni að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæranna frá því fyrir Sex daga stríðið árið 1967.

Í ályktuninni, sem var samhljóða, skoraði Alþingi jafnframt á Ísraelsmenn og Palestínumenn að leita sátta með friðarsamningum á grundvelli þjóðaréttar og ályktana Sameinuðu þjóðanna sem m.a. feli í sér gagnkvæma viðurkenningu Ísraelsríkis og Palestínuríkis.

Alþingi áréttaði að PLO, Frelsissamtök Palestínu, væru lögmætur fulltrúi allrar palestínsku þjóðarinnar og minnti jafnframt á rétt palestínsks flóttafólks til að snúa aftur til fyrri heimkynna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi krafðist þess af deiluaðilum fyrir botni Miðjarðarhafs að þeir láti þegar í stað af öllum hernaði og ofbeldisverkum og virði mannréttindi og mannúðarlög.

Þessi ályktun er Alþingi og íslenskri

þjóð til sóma og hafa ófáir haft samband við undirritaðan til óska til hamingju með þennan árangur og sérstaklega til að tjá þá tilfinningu að geta nú í fyrsta sinn fundið til stolts yfir þingi sínu og þjóð.

Með þessari ályktun hefur Alþingi gengið skrefinu lengra en þjóðþing annarra vestrænna ríkja og með framkvæmd hennar verður Ísland fyrirmynd hinna Norðurlandanna og Evrópuríkja sem enn eiga eftir að viðurkenna Palestínu. Í flestum þessara landa er öflugur stuðningur fyrir viðurkenningu og mun

Þessa tilfinningaþrungnu mynd tók Eyþór Árnason ljósmyndari af áheyrendum á þingpöllum Alþingis, þegar þingmenn höfðu samþykkt viðurkenningu á Palestínu með öllum greiddum atkvæðum.

framganga Íslendinga án vafa efla þá hreyfingu sem gerir kröfu um að palestínska þjóðin fái að njóta réttar síns jöfn öðrum.

Viðurkenning Palestínu er rós í hnappagat utanríkisráðherra Íslands, Össurar Skarphéðinssonar, sem lagði tillöguna fram á Alþingi. Össur hefur um langan aldur verið öflugur liðsmaður Palestínu og andmælt kröftuglega hernaði Ísraels á palestínsku landi, jafnt héraendis sem á alþjóðavettvangi. Alþingi sýnir líka heilindi sín í þessu máli, bæði með því að fela ríkisstjórninni að viðurkenna Palestínu og jafnframt með því að minna á rétt palestínsks flóttafólks til að snúa aftur til fyrri heimkynna, en

Framhald á bls. 2



**Eftir
Svein
Rúnar
Hauksson**



Mikill fögnuður ríkti meðal Palestínumanna sem komu í Alþingishúsið þegar greidd voru atkvæði um viðurkenningu á Palestínu



Riyad Al Malki, utanríkisráðherra Palestínu, Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, Sveinn Rúnar Hauksson, formaður FÍP, Salman Tamimi, fyrstur Palestínumanna til að setjast að á Íslandi.

Viðurkenning Palestínu

Framhald af forsiðu

Það mál hefur viljað gleymast of oft og of lengi.

Vonir standa til að nú séu að takast sættir á milli stærstu fylkinga palestínskra stjórnmála, Fatah og Hamas. Samkomulag náðist í maí síðastliðnum og nú hefur verið samið um atriði sem stóðu út af. Stefnt er á kosningar 4. maí 2012, bæði forsetakosningar og til löggjafarþings. Þessar sættir eru grundvallarnaðsyn fyrir framþróun mála í Palestínu og einnig fyrir því að hægt verði að taka upp friðarviðræður að nýju er hafi tveggja ríkja lausn að markmiði, Ísraels og Palestínu. Það segir sína sögu um afstöðu yfirvalda í Ísrael til friðarmála, að þau hótá stríði og blóðbaði ef úr samvinnu Fatah og Hamas verður. Á sama tíma er því haldið fram að ekki sé hægt að semja um frið við Palestínumenn því að þeir séu klofnir þannig að ekki séu ein heldur tvenn stjórnvöld.

Sömu hótanir um blóðbaði voru líka viðhafðar vegna umsóknar Palestínu um aðild að Sameinuðu þjóðunum. Þá var Palestínumönnum refsað fyrir að UNESCO, mennta- og menningarmálastofnun SB, skyldi samþykkja aðild Palestínu með því að palestínsku skattfé sem Ísrael innheimtir var stolið eða stungið undan, sem hefur raunar oft gerst áður.

Ekki má heldur gleyma því að hernámið á allri Palestínu er enn til staðar í allri sinni grimmd. Árásir landtökuliðs á íbúa

Vesturbakkans hafa sennilega aldrei verið umfangsmeiri, tíðari og grimmar. Ísraelsher horfir upp á árásir vopnaðra óeinkennisklæddra Ísraelsmanna á óvopnaða Palestínumenn í þorpum, bæjum og sveitum, án þess að hræra legg eða lið, og styður þær iðulega. Aðskilnaðarmúrinn þrengir stöðugt meir að Palestínumönnum og rænir þá landi og aðgangi að ræktarlöndum.

Í hverri viku eru loftárásir á Gaza þar sem ómönnum fjarstýrðum flugvélum er beitt og tölvustýrðum eldflaugum til að myrða tiltekna einstaklinga úr röðum baráttufólks gegn hernáminu. Um leið særíst og deyr annað fólk, þar á meðal börn. Herkvinni er haldið uppi og íbúum Gaza meinað að verða sér úti um lífsnáuðsynjar, einsog áður er skortur á rafmagni, eldsneyti, lyfjum, matvælum, byggingaefni og síðast en ekki síst, hreinu vatni.

Það er ekki útlit fyrir að þær breytingar verði í Ísraelsríki og meðal forystumanna þar sem geri raunverulegar friðarviðræður mögulegar. Þá virðist Bandaríkjastjórn fjarlægjast æ meir alþjóðalög og samþykktir Sameinu þjóðanna þegar kemur að réttindum palestínsku þjóðarinnar. Bandaríkin hafa glatað trausti sem málamiðlari enda hafa þau lagst einhliða á sveif með hverjum þeim fara með stjórnvölinn í Ísrael, jafnvel þótt það séu úthróaðir stríðsglæpamenn og rasistar eins og á við um núverandi stjórnarherra. Þessir

menn stæra sig umbúðalaust af því að fara með neitunarvald Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, þannig að ekkert fær stöðvað óhæfuverk þeirra.

Nú vilja stjórnarherrarinn í Ísrael hefja stríð gegn Íran. Átýllan er sú að Íran kunni að vera að koma sér upp kjarnorkuvopnum eða stefna að því. Hræsnin er yfirlengileg hjá Ísraelsmönnum, Bandaríkjastjórn og öðrum sem taka undir þessar stríðsæsingar, vitandi fullvel að Ísraelsríki hóf að koma sér upp kjarnorkuvopnum fyrir meira en 40 árum, hefur hlaðið upp hundruðum kjarnaodda og hefur nýverið verið að gera tilraunir með nýjar og langdrægari eldflaugar en áður, sem borið geta kjarnorkuvopn. Ísraelsstjórn kemst upp með að neita að ræða tilvist sinna kjarnorkuvopna.

Í ljósi alls þessa verða friðarvonir daufar. En þær lifa samt og framlag Íslands með því að viðurkenna Palestínu styrkir þær. Viðurkenning Palestínu er skref í þá átt að auka á jafnræði gagnvart Ísrael og styrkja þjóðréttarlega stöðu palestínsku þjóðarinnar. Hvort tveggja er nauðsynlegt til að nálgast réttláta samninga sem eru grundvöllur varanlegs friðar.

Lifi frjáls Palestína!

Höfundur er læknir og formaður félagsins Ísland-Palestína



Í Þjóðmenningarhúsi, eftir að stjórnmalasamband Íslands og Palestínu hafði verið undirritað. Riyad Al Malki, utanríkisráðherra Palestínu og Yasser Al Najjar, sendiherra Palestínu á Íslandi í hópi landa sinna, sem búsettir eru á Íslandi.

Ályktun Félagsins Ísland-Palestína

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína samþykkti, þann 19. september 2011, eftirfarandi ályktun vegna umsóknar Palestínu um fulla aðild að Sameinuðu þjóðunum sem sjálfstætt ríki.

„Félagið Ísland-Palestína minnir á samhljóða ályktun Alþingis frá 18. maí 1989 sem meðal annars lagði áherslu á að virða bæri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt palestínsks flóttafólks til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna.

Lítil vafi leikur á því að íslenska þjóðin styður þessa stefnu Alþingis og baráttu Palestínumanna gegn hernámi og fyrir sjálfstæði og fullveldi.

Það er eindregin áskorun Félagsins Ísland-Palestína að utanríkisráðherra lýsi þegar í stað yfir viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Engin ástæða er til að bíða eftir fundi í Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með þá yfirlýsingu, enda alls óvíst hvort eða hvernig málið verður flutt þar.

Enn hefur ekkert vestrænt ríki viðurkennt Palestínu, enda þótt mikill meirihluti ríkja heims hafi viðurkennt sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Frumkvæði Íslands í þessu stórmáli væri í samræmi við stefnu Alþingis og vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar. Íslandi væri sómi að því að verða fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna Palestínu. Sú viðurkenning gæti orðið til þess að fleiri ríki fylgdu á eftir.“

Gaza maraþon í mars

Gaza maraþonið verður haldið í annað skiptið í mars 2012 á Gazaströndinni í Palestínu og er til fjáröflunar „Summer Games“ á vegum Sameinuðu þjóðanna, en þeir leikar eru haldnir út um allt fyrir börn sem eiga um sárt að binda. Þessir leikar eru í raun 6 vikna prógram sem er á ári hverju í Gaza (í þessu tilfelli). Um 250.000 börn á Gaza taka á hverju ári þátt í Summer Games.

Félagið Ísland-Palestína mun styrkja þetta verkefni.

Hver sem er getur tekið þátt í hlaupinu, það er fyrst og fremst hugsað fyrir börn á Gaza og er þá hlaupin strandlengjan öll (sem er akkúrat 42 km.). Börnin hlaupa að sjálfsögðu eins og þau geta. Mörg þeirra þjást af næringarskort og geta einungis verið með stutta vegalengd. Í hlaupinu í fyrra tóku alvöru hlauparar og atvinnumenn þátt, en þeir koma til að styðja hlaupið og gefa því aukið vægi.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá hjá Láru Jónsdóttur, larajonsdottir@simnet.is

Hér á eftir eru nokkrir tenglar á vefsíður ýmissa fréttamiðla, sem fjölluðu um hlaupið 2011:

<http://www.guardian.co.uk/world/gallery/2011/may/05/gaza-marathon-in-pictures>

<http://www.guardian.co.uk/world/2011/may/05/gaza-stages-first-marathon>

<http://www.bbc.co.uk/news/world-middle-east-13293629>

Af hverju Palestínuríki?

fólksins sem þar hafði búið. Heilu hverfin í gömlu Jerúsalem voru jöfnuð við jörðu. Grænu akrarnir voru eyðilagðir til að byggja fyrir landtökufólkið. Fólki var hent út úr húsunum sínum og landareignum. Systir mín, sem var 19 ára, var handtekin og dæmd í 5 ára fangelsi fyrir það að vera á móti hernáminu. Systursonur minn, Adel Abu Rumeila, var skotinn til

Þann 11. nóvember sl. viðurkenndi Alþingi Íslendinga sjálfstæði og fullveldi Palestínu og 15. desember staðfestu stjórnvöld þá ákvörðun formlega. Ég gladdist mjög þegar frumvarpið var lagt fram, það er vísir að því að leiðrétta óréttlætið sem Palestínumenn hafa þurft að þola í meira en 60 ár. Ísland greiddi atkvæði árið 1947 um stofnun tveggja ríkja í Palestínu, eitt fyrir réttmæta eigendur og annað fyrir gyðinga, sem voru flestir aðfluttir frá Evrópu. Þessi örlogaríka ákvörðun Íslands tók ekki tillit til fólksins sem bjó í Palestínu í þúsundir ára.

Zionista-ríkið sem var stofnað á kostnað Palestínumanna tók ekkert tillit til ályktana Sameinuðu þjóðanna og var fyrsta verk þeirra að framkvæma eina stærstu þjóðarhreinsun tuttugustu aldar. 575 þorp voru jöfnuð við jörðu og fólkið drepð eða hrakið í burt í flóttamannbúðir. Nafnið Palestína var þurrkað út. Eftir eitt ár hvarf allt sem hét Palestína eða palestínska þjóðin. Menningin og sagan voru afmáð af bókum og litið var á Palestínumenn sem flóttamenn sem standa í biðröðum til að fá mat og tjöld.

Við vorum orðin ALVEG EINS OG HOLDSVEIKT FÓLK SEM MENN VILDU LOSNA VIÐ.

Sá hluti af Palestínu sem ekki var hernuminn af gyðingum og zionistum var undir stjórn Jórdaníu og Egyptalands. Árið 1967 hertók zionistaríkið alla Palestínu, meðal annars Jerúsalem þar sem ég fæddist og ólst upp. Ég átti frábæra æsku, foreldrar mínir voru venjulegt fólk sem umvafði okkur gífurlegri ást og umhyggju. Ég hafði ekki upplifað mismunun milli mín og annarra, ég var að alast upp í heimalandinu mínu. Ég var persóna. Ég var manneskja. Ég átti mína drauma og vildi læra læknisfræði.

En á mánudegi 5. júní kl. 11 réðust ísraelskir hermenn á Jerúsalem og hernámu borgina án teljandi mótspyrnu vegna þess að enginn hafði búið við neinu stríði. Meðal annars var hópur Íslendinga í heimsókn í Landinu helga.

Þegar stríðið hafði geislað í 6 daga og útgöngubanni var aflétt til að fólk gæti keypt mat fann ég, 12 ára gamall, að eitthvað var að breytast. Ég var hræddur við að sjá alla þessa hermenn og þessi hertól í okkar friðsælu borg. Ég heyrði ný tungumál sem ég skildi ekki, hermenn skipuðu mér að stoppa, öskruðu á mig eitthvað sem ég skildi ekki og það

4 FRJÁLS PALESTÍNA



heyrði til undantekninga ef einhver þeirra talaði arabísku, og það var þá jafnan á bjagaðan hátt.

Skólinn minn byrjaði aftur í september 1967. Þar var ég stoppaður í mörg skipti af hermönnum sem kröfðust skilríkja. Þeir tæmdu skólatöskuna mína og leituðu á mér og þessu fylgdi oft að sparkað væri í mig eða notuð ljót orð. Oft komum við seint í skólann vegna þess að við vorum látin bíða við vegatálma þar sem hermenn hleyptu okkur ekki í gegn. Ég veit ekki enn eftir hverju við vorum látin bíða. Ég var orðin þreyttur á að fara í skólann en kláraði samt menntaskólann árið 1971.

Á þessum árum fannst mér ég ekki búa í landinu mínu. Mér fannst ég ekki vera velkominn í landinu sem ég fæddist og ólst upp í. Ferðin til Hebron þar sem við vörðum sumrunum okkar á vínberjaðkrunum var orðin hættuleg. Landtökufólkið streymdi að og tók lönd

þana af hermönnum. Sömuleiðis voru nágrannar mínir, Nabel Alkharoof og Mufeed Barakat, drepnir. Sharief al Fitjani, sem var blindur á öðru auga, var líka dæmdur í fangelsi. Allir liðu á einn eða annan hátt fyrir hernámið.

Líf okkar allra hafði breyst, við vorum orðin fimmta flokks fólk í okkar eigin landi.

Það var enginn háskóli starfandi og eina von mín til að læra var að reyna að komast til Bandaríkjanna þar sem fremur væri hægt að fá vinnu og stunda nám. Ég ákvað að koma við hér á Íslandi til að vinna og halda áfram för minni eftir 3 mánuði. Bróðir minn, sem kom til Íslands í nóvember 1966, var hér og fékk ekki að snúa til baka eftir hernámið. Yfirvöld í Ísrael bönnuðu honum að snúa heim til fæðingarlands síns og töldu að hann hefði engan rétt til að fara aftur til Jerúsalem.

Í sumar var ég búinn að vera hér á landi í 40 ár. Ég eignaðist fjölskyldu og hef það mjög gott. Íslendingar hafa reynst mér mjög vel. Ég hef hitt mikið af indælu fólki. Réttlætiskennd Íslendinga er aðdáunarverð. Umbreytingin í afstöðu fólksins hér til málefna Palestínu og palestínsku þjóðarinnar er gífurleg en þegar ég kom til Íslands fyrst var litið á Palestínumenn sem hryðjuverkamenn en Ísraela aftur á móti sem saklaust fólk. Þetta var stærsta lygin sem zionistar höfðu fest í hugum fólksins á Vesturlöndum. Þegar tíminn leið og fjöl-

Framhald á bls. 21



Eftir
Salman
Tamimi

Ég er gríðarlega stolt og ánægð

Birgitta Jónsdóttur, þingmaður Hreyfingarinnar, flutti þessa ræðu á Alþingi 11. nóvember sl.

Forseti. Það er stundum alveg yndislegt að fá að vera þingmaður og þetta er einn af þeim dögum þar sem ég er gríðarlega stolt og ánægð yfir því að fá að taka þátt í vinnunni okkar. Ég er ánægð yfir samstöðunni og ég er ánægð að fá að taka þátt í sögulegum viðburðum á þjóðþinginu okkar.

Mann skortir oft orð þegar svona stóra hluti eins og það sem við erum að fjalla um í kvöld ber á góma. Hvernig er hægt að finna orð gagnvart öllu því óréttlæti og allri þeirri grimmd sem hefur átt sér stað í Palestínu?

Ég hitti konu í sumar sem var um borð í bandarískri „flotillu“ sem var tekin í herkví á Grikklandi. Þetta var eldri kona sem hafði lifað af helförina. Ég man ekki fyrra nafnið hennar, hún heitir Heitz. Henni blöskraði svo að sjá söguna endurtekna í Palestínu, söguna sem hún upplifði í Þýskalandi að hún fann sig knúna til að berjast fyrir mannréttindum í Palestínu.

Það er rétt sem hefur komið fram að með því að samþykkja þetta á morgun mun ef til vill ekki gerast kraftaverk og friður komast á strax á morgun en þetta er eitt lítið en ákaflega mikilvægt skref og það er gott fyrir þjóð eins og Ísland, sem er herlaust og hefur sem betur fer ekki þurft að upplifa margar af þeim hörmungum sem allt of margir í heiminum okkar þurfa að búa við, að geta stigið fyrsta skrefið. Við erum svo lánsöm að við getum tekið þetta fyrsta skref í átt að mannréttindum og vonandi á endanum fullvalda Palestínu.

Út af því að mig skortir orð ákvað ég að leita í smíðju eins af uppáhaldsskáldunum mínum. Ég þýddi eftir hann ljóð fyrir nokkrum árum þegar árásirnar á Gaza voru sem hryllilegastar. Þetta skáld heitir Mahmoud Darwish og er ástsælasta útlagaskáld Palestínumanna. Sum ljóðin hans eru sungin á ökrunum þegar fólk er að vinna. Þorpið sem hann ólst upp í hefur verið jafnað svo rækilega við jörðu að jafnvel beinin í kirkjugörðunum voru færð annað. Darwish lést árið 2008. Mig langar að lesa ljóð sem ég þýddi eftir hann sem heitir „Hér á ég heima“.

Hér á ég heima. Ég á margar minningar. Ég fæddist eins og allir fæðast. Ég á móður, hús með mörgum gluggum, bræður, vini og fangaklefa með kuldalegum glugga! Ég á bylgju sem mávar

hrifsuðu til sín, mína eigin yfirlitsmynd.

Ég á litsterk engi. Í djúpum sjónsviðs orða minna á ég tungl, næringu fugls og ódauðlegt ólívutré.

Ég hef búið á þessu landi löngu áður en sverðin breyttu manninum í fórnarlamb. Ég á heima þar. Þegar himnaríki syrgir móður mína, þá skila ég himnaríki til móður hennar.

Og ég græt svo að skýið sem snýr til baka beri tár mín.

Til að brjóta lögin hef ég lært öll orðin sem eru nauðsynleg fyrir blóðprófíð. Ég



**Ræða
Birgittu
Jónsdóttur**

hef lært og krufið orðin til að hægt sé að draga úr þeim eitt stakt orð: Heim.

Mig langar að lesa annað ljóð eftir þetta sama skáld og það er þýtt eftir vin minn Eyvind P. Eiríksson og mér finnst það vel við hæfi í kvöld:

„Við ferðumst eins og annað fólk en við snúum ekki aftur til neins líkt og ferðalagið væri vegur skýsins.

Við höfum grafið ástvini okkar í skugga skýsins, milli trjárótanna og hvatt konur okkar: Haldið áfram að fæða börn í hunddrað ár svo við getum lokið þessari ferð til lands einnar stundar, til eins metra hins ógerlega. Við ferðumst í vögnum sálmannna, sofum í tjöldum spámannna okkar og stingum upp kollinum í orðatiltækjum förufólksins.

Við mælum geiminn með nefi stríðsfuglsins eða syngjum til að reka brott fjarlægðina og þvo tunglskinsgeisla hreina.

Vegur þinn er langur og megí þig dreyma sjö konur til að bera leiðina löngu á herðum þínum og hristu pálmanna handa þeim til að kynnast nöfnum þeirra og þeirri móður sem á að fæða strákinn úr Galíleu. Við eigum land orða. Talaðu, talaðu svo ég megí leggja veg minn um grjót.

Við eigum land orða. Talaðu, talaðu svo við fáum greint lokaáfangu þessarar ferðar.“

Úr starfi félagsins

Framhald af bls. 9

nefndar. Sama gerði Elva Björk Barkardóttir sem ritaði meistararitgerð við Friðarháskóla SP í Costa Rica eftir ársnám þar á sviði alþjóðalaga um Viðurkenningu Palestínu. Aðrir urðu ekki til að skila álit, þótt beðnir væru.

Mál þetta fékk farsælan endi, annars vegar með samhljóða ályktun Alþingis **29. nóvember** og síðan formlegri viðurkenningu með athöfn þann **15. desember** að viðstöddum utanríkisráðherrum beggja ríkjanna.

Að kvöldi 29. nóvember var samstöðufundur og hátíð í lönd þar sem formaður utanríksmálanefndar Alþingis, Árni Þór Sigurðsson, hélt ræðu og Lára Jónsdóttir gjaldkeri FÍP sagði frá ferð sinni til Gaza.

Þann 15. desember lét félagið við það sitja að auglýsa tvo viðburði dagsins, athöfnina í Þjóðmenningarhúsinu og fyrirlestur palestínska utanríkisráðherrans í Norræna húsinu. Ekki þótt ástæða til að íþyngja dr. Riyad með frekara fundahaldi, en hann átti einnig fundi með forsætisráðherra, utanríksmálanefnd og fleirum þennan sama dag. Um kvöldið var ráðherrunum og palestínsku sendinefndinni boðið til kvöldverðar að heimili formanns og Bjarkar Vilhelmsdóttur, ásamt nokkrum sem dr. Riyad hafði óskað eftir að hitta, fulltrúum Palestínumanna á Íslandi, fáeinum úr stjórn og sérstökum stuðningsmönnum gegnum árin.

Sveinn Rúnar Hauksson

Heimasíða félagsins er

<http://www.palestina.is>

Mikilvægt að koma Palestínu á kortið

Amal Tamimi tekur hlýlega á móti Amér þar sem ég kem að taka viðtal við hana á heimili hennar snemma á laugardagsmorgni 25. nóvember. Amal Tamimi fluttist til Íslands 1995, þá 35 ára gömul. Hún starfar sem framkvæmdastýra Jafnréttishúss í Hafnarfirði og tók nýlega sæti sem varaþingmaður fyrir Samfylkinguna. Hún varð þar með fyrsti erlendi þingmaðurinn á Alþingi og sat á þingi í mánuð. Viðtalið er tekið þremur dögum áður en Alþingi viðurkenndi sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Kjarnyrnt og einlæg ræða Amal á þinginu snart djúpt þá sem á hlýddu, þar á meðal þann sem þetta ritar. Hana má finna á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altxt/raeda/140/rad20111128T212807.html>

Það er er stutt í húmorinn hjá Amal og hún hefur þægilega nærveru. Hún hellir okkur upp á vænsta kaffi og við hefjum spjallið.

Áhrif hernámsins

Amal fékk snemma áhuga á pólitík og kynntist hernámi af eigin raun. Þrettán ára gömul var hún handtekin fyrir að mótmæla hernáminu með grjótkasti nálægt Hvelfingu klettsins í Jerúsalem og sat í fangelsi í tvær vikur. Hún varð vitni af því hvernig fólk var handtekið af handahófi af lögreglunni eða hermönnum, sífellt var spurt um skilríki og voðinn vís ef þau voru ekki fyrir hendi. Systir Amal var handtekin þegar Amal var níu ára. Faðir þeirra var veikur og gat þess vegna ekki heimsótt dóttur sína í fangelsið. Hann dó á meðan á fangavist hennar stóð. Allt þetta segir Amal tengt hernáminu.

Til Íslands

Eftir erfitt hjóna band kom Amal til Íslands með börnin sín árið 1995. Bróðir hennar, Salmann Tamimi, bjó hér fyrir og hjálpaði henni með dvalarleyfi og þess háttar. Hún lýsir erfiðum aðstæðum í fyrstu, ekki hafi verið margir útlendingar hér en enskukunnátta hennar hafi hjálpað og hún gat gert sig skiljanlega. Börnin fóru í skóla og hún komst fljótt inn í kerfið. Núna séu aðstæður erfiðari, innflytjendur þurfi t.d. til að mynda að bíða sex mánuði eftir að fá heimilislækni.

Stjórnmal og réttindabarátta

Amal var þegar orðin virk í pólitík í Palestínu og bar það veganesti með sér til Íslands. Hún gat ekki nýtt sér menntun sína í viðskiptafræði hér, þar vó tungumálið þyngst og vann hún þá t.a.m. í fiski, ræstingum og bakaríi, en var skráð öryrki árið 2000. Þá skráði hún sig í háskóla, fremur en að „hanga heima og missa heilann“, eins og hún orðar það. Hún úrskrifaðist með BA-gráðu í félagsfræði.

Eftir 5 ár á Íslandi fór hún að vinna við málefni innflytjenda með konum sem voru komnar til landsins erlendis frá. Amal þekkir af eigin raun mikilvægi þess að nægar upplýsingar séu fyrir hendi um réttindi og skyldur innflytjenda. Árið 2003 var Amal ein þeirra sem stofnaði Samtök kvenna af reldum uppruna. Samtökin leggja áherslu á sýnileika og að vinna gegn því viðhorfi að innflytjendur séu afætur á samfélaginu, heldur að lítið sé á það sem virka þátttakendur og sem manneskjur.

Árið 2006 varð Amal formaður lýðræðis- og jafnréttisnefndar í Hafnarfirði og varabjærfulltrúi eftir að hafa boðið sig fram í sveitarstjórnarkosningum. Hún var einnig kjörin varaþingmaður Samfylkingarinnar árið 2009.

Á Alþingi hefur Amal lagt áherslu á innflytjendamál, einkum hvað varðar íslenskukennslu og túlkapjónustu. Það vildi síðan svo skemmtilega til að Amal kom inn á þing þegar rætt var um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu og sat í utanríkismálanefnd þegar hún var samþykkt. Breitt bros færast yfir andlit hennar þegar hún nefnir það.

Amal segir stefnu Íslands í málefnum innflytjenda og flóttafólks skárri en þegar hún kom. Hins vegar þurfi að setja þau málefni í sér flokk, nú séu þau dreifð milli



Viðtal:
Einar Steinn
Valgarðsson



ráðuneyta. Eins skorti oft upplýsingar sem geta snert daglegt líf fólks. Til dæmis viti margir útlendingar ekki af því að allir eigi rétt á húsaleigubótum, né að bætunarn eigi ekki að hafa nein áhrif á ríkisborgararétt. Ríkisborgarar sem kunni ekki næga íslensku geti ekki tekið þátt í samfélagsumræðum, t.d. um ESB eða lcesave. Upplýsingar um þetta séu ekki þýddar og ekki fundir með túlkapjónustu um þetta, svo að fólk geti fundið að það sé hluti af samfélaginu.

Meiri fordómar eftir hrun

Amal segir að í kjölfar hruns og umræðu um peningamál skynji hún meiri fordóma í garð útlendinga. Fólk telji þá vera að stela störfunum þeirra, en ekki að vinna eigin vinnu. Á erfiðum tímum skapist meiri reiði og hún leiði til fordóma. Í kosningum hafi lengi vel fæstir flokkar talað um málefni innflytjenda. Enginn hafi sagt „Við ætlum að gera svona og svona fyrir útlendinga“, kannski óttist fólk að tapa við það atkvæðum eða að þessi mál séu ekki álitin mikilvæg.

Eitt samfélag fyrir alla

Frjálslyndi flokkurinn rifjast upp í þessu samhengi. Amal segir flokkinn hafa alið á hræðslu og fordómum í garð útlendinga í atkvæðisskyni. Það hafi jafnframt gefið fleira fólk tækifæri til að tala á svipuðum nótum. Hins vegar sé líka vandamál ef útlendingar blandast ekki samfélaginu. Þegar fólk kynnist sé líklegra að fordómar minnki. Hætta sé á að það skapist einangraðir hópar innan samfélagsins



eins og víða gerist í Evrópu og það gangi ekki á Íslandi. Við séum lítil þjóð og það þurfi að vera eitt samfélag fyrir alla.

Ríkisfang

Amal segist hafa skynjað breytt viðhorf á Akranesi í kjölfar útgáfu bókarinnar *Ríkisfang: Ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur*. Fólk sem hafði ekki samband við flóttakonurnar áður en bókin kom út sýnir nú miklu meiri skilning.

Fólk geti ekki ímyndað sér hvað það felur í sér að vera flóttamaður eða vera í lífshættu, fara frá einu landi til annars og leita að friði. Hún minnst þess þegar hún fékk ríkisborgararétt árið 2002 og var með tærin í augunum. Íslensk vinkona hennar hafi ekki skilið hvers vegna þetta hafði svona mikil áhrif á hana, þegar maður fæðist með ríkisborgararétt lítur maður á hann sem sjálfsagðan hlut. En fyrir Amal, sem þá var 42 ára, var þetta í fyrsta skipti sem hún var með ríkisborgararétt. Það sé allt annað þegar maður finnur að það er land sem styður mann og maður getur haldið á vegabréfi og sagt „Ég er frá Íslandi.“ Það fylli mann stolti.

Flóttamenn og innflytjendur

Amal segir skýran mun á því að vera innflytjandi og flóttamaður, þó það vilji gleymast í daglegri umræðu. Eftir hrun hafa til dæmis margir leitað eftir vinnu út fyrir landsteina og aðrir komið hingað í sama skyni; að leita að betra lífi. Flóttafólk flýi hins vegar átök og líf þess sé í hættu. Það hafi hirst jafnvel árum saman í flóttamannabúðum og eigi ekki möguleika á að snúa til baka.

Sameinuðu þjóðirnar ákvarða að hvert land eigi að taka við ákveðnu hlutfalli flóttamanna og þannig komi flóttafólk t.d. til Íslands. Miðað sé við 10% af fólksfjölda landsins sem tekur við flóttafólkinu. Konurnar á Akranesi komu til

landsins árið 2008 ásamt börnum sínum árið 2008, alls 28 manns, en tekið var við færri en venja er í kjölfar hruns. Ekki var unnt samkvæmt stöðlum að taka á móti öllum úr búðunum en Ísland leggur sérstaka áherslu á konur í hættu. Sjálf vann Amal með flóttakonunum, og bauð upp á túlka- og samfélagsþjónustu og bjó á Akranesi í tíu mánuði fyrsta árið þeirra á landinu. Hún er í sambandi við þær og lítur í heimsókn af og til.

Amal telur mikilvægt að hægt sé að leggja sönnur á sögu hælisleitenda, að þeir séu þeir sem þeir segjast vera og hafi upplifað það sem þeir halda fram. Sé hægt að sanna það eigi þeir betri möguleika. Þetta sé engu að síður erfitt mál. Flóttamenn eigi alltaf rétt á lögfræðingi í viðtölum og og starfsfólk Rauða krossins sé líka haft með. Biðtíma eftir atvinnu og dvalarleyfi telur Amal of langan, en hún og samstarfsfólk hennar vinna að því að fá úr því bætt. Sex mánaða bið í óvissu um að dvalar- og atvinnuleyfi verði endurnýjað og hvort maður fái að vera á landinu eða verði vísað burt á morgun eða næsta ári geri fólk erfitt fyrir að stofna fjölskyldu eða finna yfirleitt fyrir þeim friði og því öryggi að maður fái að vera hér áfram. Eftir 5 ár telur hún að ætti að gefa fólki ótímabundið dvalar- og atvinnuleyfi, en með því skilyrði að ríkisfang fái ekki fyrr en einstaklingurinn geti sannað hver hann er, liggi það á annað borð ekki fyrir.

Ástandið í arabalöndunum

Amal segir tvískinnung hjá Vesturlöndum og arabaríkjum gagnvart ástandinu. Arababandalagið beiti Sýrland efnahagsþvingunum, en er ástandið verra þar en í Jórdaníu eða Sádi Arabíu? Ekkert sé gert við því. Bush og félagar hafi sagst ætla að frelsa konur með innrásinni í Afganistan en konur í Sádi-Arabíu megi ekki keyra bíl. Þetta sé gjörsamlega

Amal með þátttakendum á íslenskunámskeiði, sem haldið var á Akranesi.a

fáránlegt. Á lýðræði að fara eftir vilja Vesturveldanna? Það sé annað fyrir NATO að vera með herlið í Líbíu en í Sýrlandi. Sýrland styðji Hisbollah í Líbanon og Hamas í Palestínu. Ísrael hafi hernumið Vesturbakkann og Gaza og NATO hafi ekkert aðhafst þar. Eins hafi viðbrögð við innrás Íraks í Kúvaít sannarlega verið önnur en gagnvart Ísrael. Var það það ekki lýðræði þegar Hamas vann í þingkosningum? Hvað sem erjum Hamas og Fatah líði þá hafi þetta verið lýðræði, meti maður á annað borð lýðræði út frá kosningum.

Mikilvægi viðurkenningar og horfur í Palestínu

Amal vonar að sættir náist milli Fatah og Hamas, að stjórnin geti starfað saman og hún lítur þingkosningarnar, sem boðaðar hafa verið í maí, jákvæðum augum. Viðurkenning á Palestínu sé afar mikilvæg í því skyni að koma Palestínu á kortið. Palestína hafi búið í huga og hjörtum fólks þaðan en það verði erfiðara að láta eins og Palestína sé ekki til þegar hún fær formlega viðurkenningu. Amal minnst þess að hafa verið spurð þegar hún kom til landsins og sagðist vera frá Jerúsalem, hvort hún væri gyðingur eða frá Ísrael. Hún sé hvorugt.

Amal segist stolt af því að 80% Íslendinga styðji ákvörðunina samkvæmt skoðanakönnunum, að Ísland hafi tekið eigin ákvörðun með stuðningi við Palestínu og stolt af því vera Íslendingur á Alþingi þegar þetta mikilvæga skref sé stigið.


Að sá fegurð í hjörtu fólks

Taha Muhammad Ali látinn

Í ár lést eitt fremsta ljóðskáld Palestínumanna, Taha Muhammad Ali, átt-ræður að aldri. Hann fæddist í þorpinu Saffuriyya í Galíleu í Palestínu árið 1931. Í stríðinu 1948, sem Ísraelar kalla „frelsisstríðið“ en Palestínumenn kalla „an-Nakbah“ eða „hörmungarnar“, flúði fjölskylda hans til Líbanon. Ári síðar laumaðist Ali yfir landamærin með fjölskyldu sinni og sneri þar með aftur til

landsins sem nú hét Ísrael, settist að í Nasaret og bjó þar til dauðadags. Hann rak um árabíll minjagripabúð ásamt því að yrkja og skrifa og grínaðist reyndar með það að hann væri „múslimi sem seldi gyðingum kristilega minjagrip“. Hann var víðlesinn og sjálfærður.

Taha Muhammad Ali skrifaði mikið um æsku sína og það stjórnmálaumrótt sem hann upplifði. Það var hins vegar ekki



Hefnd

Stundum vildi ég óska
að ég gæti mætt í einvígi
manninum sem drap föður minn
og jafnaði heimili mitt við jörðu
og rak mig
yfir á landræmu
og ef hann dræpi mig
myndi ég loks hvílast
og væri ég reiðubúinn
myndi ég hefna mín!

En ef í ljós kæmi,
þegar andstæðingur minn birtist
að hann ætti móður
sem biði eftir honum,
eða föður sem legði
hægri hönd sína á
hjartastað
hvenær sem sonur hans væri seinn
jafnvel þó aðeins munaði kortéri
hefðu þeir mælt sér mót –
þá myndi ég ekki drepa hann
jafnvel þótt ég gæti.
Eins...
myndi ég ekki myrða hann
ef kæmi fljótlega í ljós
að hann ætti bræður og systur
sem elskuðu hann og þráðu ævinlega að sjá
hann.

Eða ef hann ætti konu sem heilsaði honum
Og börn sem gætu ekki afborið fjarveru hans
Og gleddust yfir gjöfum hans

Eða ef hann ætti
vini eða féлага
nágranna sem hann þekkti
Eða bandamenn úr fangelsi
eða sjúkrastofu
eða bekkjarfélaga úr skólanum sínum ...
sem spyrdi um hann
og sendu honum kveðju

En ef hann reyndist
vera einstæðingur –
slitinn burt eins og trjágrein –
án föður eða móður,
eigandi hvorki bróður né systur
ókvæntur, barnlaus,
og án ættmenna eða nágranna eða vina
starfsbræðra eða féлага,
þá myndi ég ekki bæta nokkru við sársauka
hans
í þeirri einsemd –
né dauðakvöllum,
né sorg vegna dauða hans.
Þess í stað léti ég mér nægja
að hunsa hann þegar ég gengi framhjá honum
úti á götu – þar sem ég
sannfærði sjálfan mig
að það að veita honum enga athygli
væri í sjálfu sér eins konar hefnd.

fýrr en 2006 að Vesturlandabúar gátu kynnst ljóðum hans á vestrænu máli, þegar ljóðasafnið *So What: New & Selected Poems, 1971–2005* kom út í enskri þýðingu Peters Cole.

Eins og nefnt er í formála Ibis Editions að því ljóðasafni eru ljóð Alis kröftug og skrifuð á beinu, blátt áfram máli en búa jafnframt yfir mikilli dýpt. Línurnar í ljóðunum eru gjarnan stuttar með breytilegri hrynjandi og hann sækir ríkulegt myndmál sitt að miklu leiti í þorpslíf í Palestínu.

John Palattella hjá The Nation lýsir Ali sem heillandi sögumanni, tónn hans sé trúverðugur og skýr án þess að hann dragi úr þeim þáttum sögu sinnar sem sveipaðir eru dulúð eða angri. Palattella segir að með því að forðast hefðbundin viðbrögð við hversdagslegri lífsreynslu hafi Ali ort ljóð sem séu fíngerð, þokkafull og fersk. Við þetta má bæta að Ali bjó einnig yfir góðri kímningáfu, einlægni og hreinskilni sem skína í gegn í ljóðunum. Margar tilfinningar fléttast saman í ljóðum hans; sársauki, gleði, birtuð og von.

Sjálfur kynntist ég ljóðum Alis nokkuð seint en hef heillast af því sem ég hef heyrt og lesið. Ég get mælt heilshugar með áður nefndu ljóðasafni hans og þá hefur ævisaga hans, *My Happiness Bears No Resemblance to Happiness: A Poet's Life in the Palestinian Century*, sem Adina Hoffman skráði, hlotið mikið lof. Þar rekur hún ævi skáldsins og setur í samhengi við samtímamenn hans, sögu Palestínu á 20. öld, stjórnmála-hræringar og listalíf. Ljóð Alis má finna á veraldarvefnum, ekki síst mæli ég með ljóðum á borð við *Fooling The Killers*, *Twigs*, *Revenge* og *Abd el Hadi Fights a Superpower*. Tvö síðast nefndu ljóðin er hægt að horfa á í flutningi skáldsins og fer best á því, þar sem Taha Muhammad Ali var sérlega grípandi og heillandi flytjandi. Hann flytur þar ljóðin á arabísku og þýðandi hans les þau svo á ensku.

Ég læt fylgja þýðingu mína úr ensku á ljóðinu *Revenge*, til að gefa lesendum einhvern nasabef af ljóðlist skáldsins. Að öðru leiti kys ég að enda pistilinn með ljóðlínunum sem vísað er í titli og sótt eru í ljóðið *Twigs*. Ef til vill má líta á þær sem nokkurs konar stefnuýfirlýsingu skáldsins:

Og þannig hefur það tekið mig heil sextíu ár að skilja það að vatn er vænsti drykkurinn og brauð gómsætasti maturinn og að list er einskis virði ef hún sáir ekki einhverri fegurð í hjörtu fólks.



Frá útifundinum við bandaríska sendiráðið

Fjölbreytt starf hefur verið á vegum félagsins sem endranær; fundir, tónleikar, kvikmyndasýningar, greinaskrif, undirbúningur sjálfbóðaliða, fjársöfnun og fleira. Félagið hefur einnig auglýst atburði annarra þar sem málefni Palestínu eru á dagskrá, svo sem kvikmyndasýningar Amnesty International, fyrirlestrar hjá Alþjóðamálastofnu HÍ, Arabískt kvöld í tilefni af útgáfu bókarinnar *Ríkisfang: Ekkert*, eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur, svo eitthvað sé nefnt.

Formaður félagsins fór um síðustu júl ásamt fjölskyldu sinni, Björk Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa, Guðfinni og Kristínu Sveinsbörnum til **Gaza** og höfðu þau meðferðis efni í 36 **gervifætur** frá OK Prosthetics, fyrirtæki Össurar Kristinsonar. Utanríkisráðuneytið veitti aðstoð við að afla leyfis hjá egypskum yfirvöldum til að komast inn á Gaza.

Í janúar stóð félagið að opnum fundi í Háskóla Íslands með Alþjóðamálastofnun HÍ um **Eldfimt ástand í Miðausturlöndum**. Það var Guðfinnur Sveinsson háskólanemi sem annaðist undirbúning fyrir hönd félagsins, en ræðumenn voru Magnús Þorkell Bernharðsson, Bogi Ágústsson og Sveinn Rúnar Hauksson.

Nokkrar **kvikmyndasýningar** hafa verið haldnar á áhugaverðum og verðlaunuðum heimildamyndum. Félagið bauð hingað til lands bandarískum heimildakvikmyndagerðarmanni, Maurice Jacobsen, sem sýndi mynd sína **INSHALLAH**, sem tekin var á Gaza á síðastliðnu ári, en Maurice dvaldist þar í rúmt ár við gerð myndarinnar.

Færri **sjálfbóðaliðar** fóru til Palestínu en til stóð. Fimm höfðu mætt á undirbúningsfundi en þrír komust alla leið. Agnes Ósk var á Vesturbakkannum sem sjálfbóðaliði með ISM (alþjóða samstöðuhreyfingunni) og var í nærri þrjá mánuði, en Lára Jónsdóttir fór í 10 daga ferð til Gaza og sagði frá ferð sinni á fundinum 29. nóvember. Anna Pála fór á Vesturbakkann í júlí og náði einnig að komast til Gaza í nokkra daga. Ekki má gleyma utanríkisráðherra okkar sem

fór ásamt sendinefnd til allra herteknu svæðanna; Gaza, á Vesturbakkann og til Austur-Jerúsalem. Mikinn undirbúning þarf til að komast inn á Gaza, en helst er að fara um Egyptaland og í gegnum landamærabæinn Rafah.

Félagið hélt **fjáröflunarstónleika** til stuðnings þeim verkefnum sem FÍP veitir styrki til, en þau eru: GCMHP – geðhjálparsamtökin, ALPC – gervifótaverkefnið, AISHA-kvennahúsið (Stígamat og Kvennarödgjöf) og UHWC-heilsustarfsnefndirnar. Okkar bestu og vinsælustu tónlistarmenn hafa löngum verið boðnir og búnir til að veita Palestínu lið og brást það ekki nú frekar en fyrri daginn. Meðal þeirra sem komu fram á vegum FÍP á liðnu ári eru: Reykjavík, Ghostigital (frumflutningur á nýrri breiðskífu), Nolo, Futuregrapher, Blaz Roca & Sesar A, Prins pólo, Reykjavík, Bogomil Font ásamt Leifi Jónssyni og Langholtssystur.

Góðir gestir komu frá Jerúsalem í júní, **Rawda** og **Mohamed Odeh**, en þau eru flestum Íslendingum sem farið hafa á vegum félagsins að góðu kunn. Rawda og Muhamed mættu á **rabbfund** félagsins kvöldstund í júní og ræddu málefni pólitískra fanga, en bæði þau og tveir synir þeirra hafa setið í ísraelskum fangelsum fyrir andstöðu við hefnámið. Jerúsalem og sáttaferlið milli Fatah og Hamas var einnig á dagskrá.

Þann 22. september var haldinn **úti-fundur** við bandaríska sendiráðið til samstöðu með Palestínu. Krafan var viðurkenning Palestínu og stuðningur við aðildarumsókn hjá Sameinuðu þjóðunum. Skorað var á ríkisstjórnina að viðurkenna Palestínu tafarlaust. Hótunum Bandaríkjastjórnar var mótmælt. Ræðu flutti Elva Björk Barkardóttir lagann.

Starfið í haust hefur einkennst af því að fylgja þessu máli eftir. Utanríkisráðherra lagði fram ályktunartillögu um að **viðurkenna Palestínu** og Félagið Ísland-Palestína skilaði umbeðinni álitsgjörð og mætti á fund utanríkismála-

Framhald á bls. 5

10 dagar á Gaza

Mig hafði lengi langað til Palestínu, bæði á Gaza og Vesturbakkann, þegar ég loks fékk tækifæri til að fara til Gaza núna í nóvember. Ég hef verið meðlimur í Félaginu Ísland-Palestína (FÍP) í nokkur ár, þar af þrjú ár í stjórn. Góðan tíma þarf í undirbúning ef ferðinni er heitið til Gaza því ekki er í hendi hvenær nauðsynleg leyfi eru veitt. Ég hafði sótt um leyfi hjá egypska utanríkisráðuneytinu til að fara í gegnum Rafah inn á Gaza og var búin að biða

talið að 1.600.000 manns búi á Gaza. Atvinnuleysi telst vera um 80% og flestir íbúanna eru flóttamenn og afkomendur þeirra sem hafa flúið þangað bæði eftir stríðið 1948 og eftir Sex daga stríðið 1967 og hefur verið bannað að snúa aftur heim eða heimili þeirra tekin af þeim.

Ég bjó þessa daga á yndislegu hóteli sem heitir *Mama House* og er í Gazaborg. Það er í eigu Basil Shawa sem tilheyrir Shawættinni sem er ein elsta fjölskyldan á Gaza. Þau hjónin Basil og

væri fyrir veru minni og á hvers vegum ég væri. Mátti skynja að heimamönnum fyndist merkilegt að einsömum ferðakona á óræðum aldri væri að þvælast þarna, öðru máli gegndi þegar stríð eða ófriður geisaði, því þá fylltist allt af gestum. Ég sagði eins og satt var að ég væri á eigin vegum, hefði mikinn áhuga á að kynna mér Gaza og væri í raun að heimsækja alls kyns fólk og stofnanir sem ég hefði kynnst í gegnum starf mitt með FÍP. Þegar ég lít til baka, þá er þetta í fyrsta sinn sem ég fæ slíkar spurningar því sem venjulegur ferðamaður öðlast maður sjálfkrafa viss réttindi og skyldur sem heimamenn skilja og taka tillit til. Þegar ég hef verið að ferðast, hefur það verið í fríi eða vegna vinnu og því markmiðin með ferðinni nokkuð skýr og afmörkuð. Á Gaza er þetta, af augljósum ástæðum, allt öðruvísi og spáðu heimamenn heilmikið í hvað ég væri að vilja, eins og þeir trúðu því varla að nokkur maður kæmi bara til að heimsækja þá.

FÍP er í miklum og góðum samskiptum við alls kyns stofnanir í Palestínu og hefur í gegnum tíðina styrkt málefni á Gaza og sent fé til ýmissa stofnana sem við í stjórninni höfum talið mikilvægt að sinna. Mér var því umsvifalaust tekið með kostum og kynjum og strax fyrsta kvöldið heimsótti Ali Abu Afesh mig, en hann er nokkurs konar óformlegur heiðurskonsull Íslands á staðnum og sjálfskipaður reddari og umboðsmaður Íslendinga. Hann er vinur Sveins Rúnars formanns félagsins og sagði mér þegar hann kvaddi mig eftir tíu daga að nú væri hann búinn að eignast nýja systur og á þó maðurinn sex systur fyrir! Ali Abu og konan hans Shireen eru dásamleg, hjálparhellur og allsherjar reddarar. Ali og hans stórfjölskylda nánast ættleiddu mig þessa daga sem ég var á Gaza. Ég kynntist allri fjölskyldunni mjög vel, foreldrum, systur, bræðrum og frændsystkinum og voru heimboðin ótalmörg.

Ég hafði einsett mér að kynnast samstarfsaðilum FÍP og þeirri starfsemi sem þar færi fram. Marga hitti ég og skoðaði ýmsa mjög áhugaverða staði bæði í Gazaborg og í Rafah. Af mörgum merkilegum stöðum sem ég heimsótti ætla ég að nefna nokkra:

- Hjá Sameinuðu þjóðunum er verið að undirbúa maraþonhlaup barna og unglinga á Gazaströnd sem verður haldið nú í mars 2012. Það er haldið til fjáröflunar Sumarleikanna (UN Summer Games) sem eru haldnir ár hvert og taka um 250 þúsund börn þátt á Gaza. Þetta er í annað sinn sem hlaupið er haldið og ef lesendur vilja fá frekari upplýsingar um hvernig hægt er að styðja framkvæmdina – nú eða taka þátt í hlaupinu, þá bendi ég á auglýsingu frá UNRWA um



Nemendur í Nýja grunnskólanum fyrir drengi, í Gazaborg.

nokkuð lengi þegar leyfið kom. Hafði ég ferðast heilmikið um Egyptaland nú í október, biðandi eftir téðu leyfi og var stödd í Aswan í suður Egyptalandi þegar það barst og þá var bara um að gera að drífa sig norður til Kaíró. Frá Kaíró fór ég til El Arish sem er bær við Miðjarðarhafið nálægt Gazaströnd, en þaðan um klukkustundar keyrsla til landamærabæjarins Rafah. Það tók svona nokkurn veginn allan daginn að komast í gegn, fyrst um landamærahliðið Egyptalandsmegin og síðan Palestínuegin. Um 6 klst. tók það Egyptana að hleypa mér í gegn, en öryggissveitir Hamas sem stjórna landamærunum Palestínuegin voru kurteisir uppmáluð og hleyptu mér inn án vandræða.

Gaza er um 42 km. löng strandlengja sem liggur við austurströnd Miðjarðarhafsins og nær frá Rafah í suðri til Gazaborgar í norðri og liggur milli Egyptalands og Ísraels. Á miðri síðustu öld sagði í skýrslu Sameinuðu þjóðanna að landsvæðið bæri varla þau 300.000 manns sem þá bjuggu þar, en nú er

Norma reka þar líka veitingastað sem er vel sóttur öll kvöld af Gazabúum, aðallega þó karlmönnum sem fá sér vatnspípu og te eftir vinnu. Mama House er þekkt athvarf útlendinga sem koma til Gaza, fréttamanna og annarra en hótelið er það elsta á Gaza. Flesta dagana var ég þó eini gesturinn þarna og vel með mig farið.

Gazabúar furðuðu sig dálítið á veru minni þarna, sögðu einfaldlega að útlendingar kæmu ekki til Gaza nema vegna stríða og blóðsúthellinga, en þegar ég var þarna var allt með kyrrum kjörum. Ég var spurð nokkrum sinnum meðan á dvölinni stóð, hver ástæðan



Eftir
Lára
Jónsdóttir



Æft fyrir maraþonhlaup.



Fataúthlutun í Aid and hope miðstöðinni fyrir krabbameinssjúklinga.

Á leið til Rafah; rýkur úr ruslahaugum meðfram veginum.



hlaupið á vefsíðu okkar; www.palestina.is

- Aid and Hope Center er eftir-meðferðarmiðstöð fyrir krabbameinssjúkar konur og börn, en afar margir greinast með krabbamein á Gaza á hverju ári og hlutfallið þar mun hærra en í nágrannalöndunum og fer hækkanði með ári hverju. Krabbameinssjúkir fá fræðslu og ráðgjöf og einnig fjölskyldur þeirra. Þar tók ég þátt í fataúthlutun sem var haldin vegna þess að ein stærsta trúarhátíð múslima, Eid al-Adah eða „Fórnaðarhátíðin“ var á næsta leyti og börnin skyldu fá ný föt. Mikið var um dýrðir á Gaza vegna hátíðarinnar, búfenaði slátrað og Aid and Hope miðstöðin hafði safnað fatnaði á Gaza til að deila með skjólstæðingum sínum. Um átta konur vinna þarna sex daga vikunnar í sjálfböðavinnu, bæði ráðgjafar og læknar. Aid and Hope er með fésbókarsíðu.
- Ég heimsótti Rachel Corrie Center í Rafah, en miðstöðin er kennd við unga bandaríska konu, sem myrt var af Ísraelsmönnum er skurðgrafa keyrði yfir hana þar sem hún stóð ásamt fleira fólki og reyndi að varna því að hús vina hennar væri jafnað við jörðu. Þar fer fram merkilegt starf í þágu barna á svæðinu og er þetta nokkurs konar félags- og ráðgjafamiðstöð. Allt starf er unnið af sjálfböðaliðum þarna eins og flestum þeim stöðum sem ég kom á.
- Aisha miðstöðin er starfrækt fyrir konur sem hafa þurft að þola ofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, nokkurs konar Stígamót Gazakvenna. Sinnir miðstöðin miklum fjölda kvenna sex daga vikunnar. Allt starf er rekið með söfnunarfé sem berst víða að, m.a. frá Svíþjóð, Sviss, Kanada og víðar. Þarna fá konurnar ráðgjöf, annað hvort í hópi eða einstaklingsráðgjöf. Einnig geta þær komið og sinnt handverki margs konar sem síðan er selt til styrktar starfsemi. FÍP stofnaði Maríusjóðinn við Aisha miðstöðina, sem er stofnaður með gjafafé frá Maríu Magnúsdóttur. María er nýorðin 95 ára og einn ötulasti stuðningsaðili FÍP.
- Ég fór í ALPC (Artificial Limbs and Polio Center) sem hefur verið í miklu samstarfi við FÍP undanfarin ár. Össur á Íslandi hefur af miklum rausnarskap

gefið efni í um 50 gervifætur sem hafa farið til ALPC á Gaza og er þetta samstarfsverkefni Össurar og FÍP, en félagið hefur einnig tekið þátt í kostnaðinum vegna gervifótanna.

Ég gæti nefnt fleiri staði sem ég heimsótti á þessum dögum eins og sjúkrahús og heilsugæslustöðvar en ætla að láta þetta nægja þar sem mér finnst þetta gefa nokkuð glögga mynd af stússi mínu þessa daga. FÍP er í sambandi við mýmargar stofnanir og einstaklinga á Gaza og er í rauninni stórmerkilegt hvað félagið kemur víða við og er virt af heimamönnum.

En ekki var ég á eintómum fundum því heilmikill tími gafst í að kynnst heimamönnum persónulega. Ali Abu heiðurskonsúll og fjölskylda hans sáu vel um mig og þar sem ég var stödd barna á Fórnarhátíðinni, fór ég ekki varhluta af undirbúningi fyrir hana og svo herlegheitunum sjálfum sem standa í nokkra daga. Á þessum tíma kom skýrt fram samfélagsleg ábyrgð íbúanna, þeir reyna að sjá um sína, bæði fjölskyldu og nágranna og er mikil samstaða meðal Palestínumanna um að hver og einn fari ekki varhluta af hátíðinni. Í Kóraninum segir að á fórnarhátíðinni skuli slátra lambi (eða öðrum kvikfénaði) og sá sem á gripinn fær 1/3, síðan fjölskylda hans 1/3 og afgangurinn er gefinn fátækum. Palestínumenn hafa mjög ríka samkennd með meðborgurum sínum og er þá sama hvort viðkomandi býr allslaus í flóttamannabúðum eða við betri kost annars staðar.

Mér var boðið í matarveislur þar sem var dansað, etið og skemmt sér fram á nótt. Palestínumenn eru miklir gleðimenn, gestrisnir, hafa ríkan húmor og gefa gestum sínum gjafir í tíma og ótíma og fór ég ekki varhluta af því. Þeir gera líka marga hluti hratt eins og að borða hratt, hugsa og tala hratt og kannski er það hluti af þeirra persónugerð, þeir hafa lært af langri og biturri reynslu að „grípa gæsina“ þegar hún gefst.

Ég fór eftir tíu daga á Gaza en langaði að vera miklu lengur. Ég kynntist dásamlegu fólki, duglegu fólki sem var afar stolt af uppruna sínum og ákveðið í að láta ekki ótrúlegt andstreymi buga sig. Ég fór í flóttamannabúðirnar „Beach Camp“, þriðju stærstu flóttamannabúðir á Gaza þar sem búa rúmlega 87 þúsund manns á hálfum ferkílómetra og þar var boðið upp á te og ávexti þó fólk ætti varla til hnífs og skeiðar. Einn heimamann hitti ég í banka í Gazaborg sem sagði mér að það gæfi þeim von að sjá útlending á Gaza, þeir sæjust sjaldan nema geisaði stríð en hver og einn gestur skipti máli, því við gætum komið fréttum um Gaza til umheimsins og ekki bara þegar geisaði stríð.



Á markaði í miðborg Gaza. Barna má fá ferska ávexti og grænmeti á hverjum degi. Allar myndirnar með greininni, nema þá af hlaupurum að æfa sig fyrir Gazamarafonið tók greinarhöfundur, Lára Jónsdóttir.

En gleymum ekki eftirfarandi staðreyndum varðandi Gaza:

- Barna búa 1.600.000 manns en 1967 töldu Sameinuðu þjóðirnar að landsvæðið bæri ekki fleiri en 300.000.
- Landsvæðið er einungis 360 ferkílómetrar.
- Um 1.200.000 íbúanna eru palestínskir flóttamenn, skráðir hjá Sameinuðu þjóðunum.
- Um 500.000 manns búa í 8 flóttamannabúðum.
- Atvinnuleysi er talið vera allt að 80%.
- Milli 50–70% allra barna þjást af vannæringu.
- Árásir Ísraelsmanna um áramótin 2008 eyðilögðu um 60.000 heimili og drápu rúmlega 1400 manns, þar af konur og börn.
- Mikil aukning hefur orðið síðustu árin á þeim sem greinast með krabbamein, en talið er að þetta stafi m.a. af þeim efnavopnum sem Ísraelsmenn notuðu í síðasta stríði.
- Ef ekki væri fyrir Sameinuðu þjóðirnar (UNRWA – United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees), væru ekki starfræktir skólar, heilsugæsla né önnur félagsleg aðstoð.
- Í hverjum mánuði reiða 800.000 manns sig á matargjafir UNRWA.
- Hernám Ísraels á Gaza gerir það að verkum að illmögulegt er fyrir Sameinuðu þjóðirnar að vinna að uppbyggingu á svæðinu. Öll innri samfélagsgerð er í molum.
- Ekkert kemst inn né út af svæðinu nema í gegnum göngin sem hafa verið grafin frá Gaza til Egyptalands og nú er talið að um 300 göng séu í notkun en voru áður um 1000, en Ísraelar eyðileggja þau um leið og þau finnast. Þau eru eina lífæð Gazabúa því öll landamæri eru harðlökud.
- Íbúarnir lifa í „gettói“ í sínu eigin heimalandi, lokaðir inni eins og glæpamenn.

Hernáminu um Gaza og í Palestínu allri verður að linna og hver og einn sem lætur sig málefni Palestínu varða getur orðið að liði. Þann 29. nóvember sl. steig Alþingi Íslendinga mikilvægt skref með viðurkenningu á rétti Palestínumanna til sjálfstæðs og fullvalda ríkis, en baráttunni verður haldið áfram þangað til Palestínumenn geta raunverulega um frjálst höfuð strokið í eigin heimalandi.

Lifi frjáls Palestína!

Snortin af baráttuanda heimamanna

Agnes Ósk Þorgrímsdóttir, 26 ára Fáskrúðsfirðingur, starfaði sem sjálfboðaliði á Vesturbakkanum í þrjá mánuði síðastliðið sumar.

Vinna Agnesar með hjálparsamtökunum ISM (International Solidarity Movement) fólst meðal annars í að veita alþjóðlega viðveru á friðsömum mótmælum Palestínumanna gegn hernámi Ísraels. „Ísraelskir hermenn sýna Palestínumönnum síður hrottaskap ef alþjóðaliðar eru nærri,“ útskýrir hún.

Eftirlit við landránsbyggðir Ísraels á Vesturbakkanum var ennfremur veigamikil. „Við hjá ISM vorum kölluð út ef ísraelskir landnemar réðust á palestínsk nágrannaþorp, brenndu upp-skeru bænda eða hreinlega réðust á heimamenn – allt í skjóli ísraelskra hermanna.“



Mótmælandi leiddur á brott af Ísraelsher eftir friðsöm mótmæli Palestínumanna gegn hernáminu. Ljósmynd: Agnes Ósk Þorgrímsdóttir.

Agnes segir að starf hennar hafi verið fjölbreytt og gefandi. „Það sem kom mér mest á óvart,“ segir hún, „var hversu ákveðnir Palestínumenn voru í að gefast ekki upp. Baráttuandi þeirra gegn hrottaskap og hatri ísraelskra hermanna snart mig mjög.“

Sjálfboðastörf í Palestínu

Frá árinu 2002 hafa á fjórða tug sjálfboðaliða lagt sitt af mörkum með milli-göngu Félagsins Ísland-Palestína. Þörf er á fleirum.

Sjálfboðaliðar á vegum félagsins hafa komið að skólastarfi og fræðslu í flóttamannabúðum, aðstoðað heimamenn við að skipuleggja friðsöm mótmæli gegn hernámi og aðskilnaðarmúr, liðsinnt á heilsugæslu og staðið vörð um réttindi hinnar kúguðu þjóðar með einum og öðrum hætti.

Hvað svo sem sjálfboðaliði tekur sér fyrir hendur hefur vera hans á Vesturbakkanum áhrif. Hermenn hika við hrottaskap í viðurvist Vesturlandabúa með myndavél. Heimamenn skynja að umheiminum stendur ekki fullkomlega á sama.

„Gríðarlega gestrisnir,“ eru yfirleitt þau orð sem sjálfboðaliðar hafa notað til lýsa kynnum sínum af Palestínumönnum þegar heim er komið og við tekur síðasta en ekki sísta hlið sjálfboðastarfsins: Að vera til frásagnar.

Næstkomandi janúar hyggst félagið halda kynningarfund um þau sjálfboðaliðastörf sem standa til boða á árinu 2012. Nú þegar liggja fyrir nokkrar umsóknir frá ungu baráttufólki. Áhugasamir eru hvattir til að setja sig í samband við Félagið Ísland-Palestína gegnum vefsíðu okkar, palestina.is.



Sjálfboðaliði með börnum í Rachel Corrie Center í Rafah. (Mynd: Lára Jónsdóttir)

Sonur allra

Skynsömustu – ég var næstum búinn að skrifa einu skynsömu – orðin sem sögð voru í þessari viku hrutu af vörum fimm ára drengs.

Eftir fangaskiptin spurði einn af þessum sjálfvitum meðal sjónvarpsfréttamanna drenginn: „Hvers vegna slepptum við 1027 arðbum í skiptum fyrir einn ísraelskan hermann?“.

Hann bjóst auðvitað við vanalega svarinu: „Af því að einn Ísraeli er þúsund araba virði“.

Litli drengurinn svaraði: „Af því að við náðum mörgum þeirra og þeir náðu bara einum“.

það gerðu þeir) og sagt „Erum við ekki frábærir?“.

Strax eftir Oslóarsamkomulagið lagði Gush Shalom, friðarhreyfingin sem ég tilheyri, til að allir palestínskir fangar yrðu samstundis látnir lausir. Við sögðum að þeir væru stríðsfangar, og þegar bardögum lýkur eru stríðsfangar sendir heim. Með þessu hefði öllum þorpum og bæjum í Palestínu verið send öflug skilaboð um mannúð og friðarvilja. Í samvinnu við Faisal Hussein heitin, sem fór fyrir arðbum í Jerúsalem, skipulögðum við sameiginleg mótmæli fyrir framan Jeneid-fangelsið sem er í grend



Í meira en viku var allt Ísrael frá sér numið. Gilad Shalit réði svo gott sem landinu (Shalit þýðir „sá sem ræður“). Myndir af honum blöstu við hvarvetna, rétt eins og myndirnar af félaga Kim í Norður-Kóreu.

Þetta var eitt af fáum skiptum þar sem Ísraelar gátu verið stoltir af sjálfum sér. Fá ríki, ef nokkur, hefðu verið reiðubúin að skipta á 1027 föngum fyrir einn. Í flestum tilvikum, þar á meðal í Bandaríkjunum, hefði stjórnmálalega séð verið ómögulegt fyrir leiðtoga að taka slíka ákvörðun.

Á vissan hátt er þetta hluti af gettóhefð gyðinga. Það er talin heilög trúarskylda að „endurleysa fanga“ og á þetta rætur í samfélagi fólks sem var dreift og ofsótt. Ef sjóræningjar múslima handsömuðu gyðing frá Marseilles til að geta selt hann á þrælamarkaði í Alexandríu, þá var það skylda gyðinga í Kaíró að borga lausnargjald: að „endurleysa“ hann.


Eins og fornt máltæki segir „Allir Ísraelar ábyrgjast hver annan“.

Ísraelar gátu horft í spegilinn (og

við Nablus. Meira en 10.000 Palestínumenn og Ísraelar tóku þátt.

En Ísrael hefur aldrei viðurkennt þessa Palestínumenn sem stríðsfanga. Þeir eru álitnir ótíndir glæpamenn, ef ekki þaðan af verri.

Í vikunni sem leið voru fangarnir sem látnir voru lausir aldrei kallaðir „palestínskir baráttumenn“, „vígamenn“, eða bara hreinlega „Palestínumenn“. Hvert einasti fjölmiðill, allt frá hinu virðulega blaði Ha'aretz niður í aumasta slúðursnepil, vísaði alltaf til þeirra sem „morðingja“, eða gekk skrefinu lengra og kallaði þá „hrottafengna morðingja“.



**Eftir
Uri
Avnery**

Kúgunaraflið sem orð geta borið með sér er eitt það versta sem til er. Þegar orð hefur einu sinni náð föttestu getur það stýrt hugsun og gjörðum. „Dauði og líf eru á tungunnar valdi“, segir í Biblíunni (Orðskviðirnir 18:21). Það er eitt að láta þúsund bardagamenn úr liði óvinarins lausa, en að láta þúsund hrottafengna morðingja lausa er allt annað mál.

Sumir þessara fanga hafa aðstoðað sjálfsmorðssprengjumenn við að drepa fjölda fólks. Sumir hafa gert hroðalega hluti – eins og fallega unga palestínska konan sem notaði internetið til að lokka ástsjúkan ísraelskan strák, sem var 15 ára gamall, í gildru þar sem hann var sallaður niður. En aðrir fengu lífs-tíðardóma fyrir að tilheyra „ólöglegum samtökum“ eða eiga vopn, eða fyrir að kasta gagnslaursi heimagerðri sprengju að rútu, sem olli engum skaða.

Nánast allir þeirra voru dæmdir af herðómsstól. Eins og sagt hefur verið, þá eiga herðómsstólar jafn mikið skylt við alvöru dómstóla eins og hernaðartónlist við alvöru tónlist.

Ísraelum er tamt að segja að hendur allra fangana séu „flekkaðar blóði“. En hver okkar Ísraela er ekki með hendurnar blóði flekkaðar? Auðvitað loðir ekkert blóð við hendur ungar konu í hernum sem fjarstýrir ómannaðri flaug sem verður grunuðum Palestínumanni og allri fjölskyldu hans að bana. Né við flugmann sem varpar sprengju á íbúðarhverfi og finnur aðeins fyrir „smá hnykki á vængnum“ eins og fyrrum yfirmaður Ísraels hers orðaði það. (Eitt sinn sagði Palestínumaður við mig „Láttu mig fá skriðdreka eða orustuflugvél og þá skal ég strax láta af hryðjuverkum“.

Helstu rökinn gegn fangaskiptunum voru, samkvæmt tölfærði leynipjónstunnar, að 15 prósent fanganna sem væru þannig látnir lausir yrðu virkir „hryðjuverkamenn“ aftur. Kannski það. En flesta þeirra verða virkir stuðningsmenn friðar. Nánast allir palestínskir vinir mínir eru fyrrum fangar, og sumir þeirra voru bak við rimla í 12 ár eða lengur. Þeir lærðu hebresku í fangelsinu, kynntust lífi Ísraela með því að horfa á sjónvarp og fóru meira að segja að dást að sumum þáttum í ísraelsku samfélagi, eins og þingræðinu. Flestir vilja fangarnir bara fara heim, staðfesta ráð sitt og stofna fjölskyldu.

En á meðan endalaust var beðið eftir Gilad sýndu allar sjónvarpsstöðvarnar okkar frá drápum sem fangarnir sem átti að sleppa höfðu tengst, eins og ungu konunni sem ók sprengjumanni á áfangastað. Þetta var endalaus hatursvaðall. Aðdáun okkar á eigin dyggðum, sem yljáði okkur, blandaðist hrollinum um að við værum enn og aftur förnarlömb, þvinguð til að láta hrottafengna morðingja lausa sem myndu aftur að reyna að drepa okkur.

Samt trúðu allir fangarnir því af einlægni að þeir hefðu þjónað þjóð sinni í frelsisbaráttu. Eins og segir í frægu lagi „Skjótið mig sem Írskan hermann / hengið mig ekki eins og hund / því ég barðist fyrir frelsi Írlands“. Hafa ber í huga að Nelson Mandela var virkur hryðjuverkamaður sem dúsaði í fangelsi í 28 ár því að hann neitaði að skrifa undir yfirlýsingu um að hann fordæmdi á hryðjuverk.

Ísraelum er fyrimunað að setja sig í spor andstæðinga sinna (en það er líklega raunin hjá flestum þjóðum). Þetta gerir þeim nánast ókleyft að halda fram skynsamri stefnu, séstaklega í þessu máli.

Hvað varð til þess að Benjamin Netanyahu lét undan?

Faðir Gilads, Noam Shalit, er hetjan í



Til vinstri: Gilad Shalit.

Til hægri: Palestínskir fangar fagna frelsi.

þeirri baráttu. Hann er hlédrægur maður og forðast sviðsljósið, en hann steig fram og barðist dag hvern fyrir syni sínum í fimm ár fjóra mánuði. Það gerði móðir Gilads líka. Þau björguðu bókstaflega lífi hans. Þeim tókst að koma af stað fjöldahreyfingu sem á sér ekki sinn líka í sögu Ísraels.

Þar hjálpaði að Gilad lítur út eins og hann sé sonur allra. Hann er feiminn ungur maður með grípandi bros sem blasti við á öllum myndum og myndböndum frá því áður en hann var handsamaður. Hann var unglegur, grannur og hæverskur. Fimm árum seinna leit hann ennþá eins út, nema að hann var mjög fögur.

Ef leynipjónusta okkar hefði getað haft upp á honum hefðu liðsmenn hennar áreiðanlega reynt að frelsa hann með valdi. Það hefði vel getað orðið honum dauðadómur, eins og hefur gerst svo oft áður. Það að ekki hafi tekist að finna hann, þrátt fyrir hundruðir útsendara á Gazaströndinni, er ótrúlegur ávinningur fyrir Hamas. Það skýrir hvers vegna Gilad var haldið í strangri einangrun og fékk ekki að hitta neinn.

Þegar hann var látinn laus, létti Ísraelum við að sjá að hann virtist vel á sig kominn, við góða heilsu og skýr. Hann tjáði sig lítið, en á heimleið um Egyptaland nefndi hann þó að hann hafi fengið að vera með útvarp og sjónvarp og hefði vitað af baráttu foreldra sinna.

Frá því að hann steig á ísraelska

grund kom ekkert fram umhverfing farið var með hann. Hvar var hann í haldi? Hvernig var maturinn? Töluðu þeir sem héldu honum við hann? Hvað fannst honum um þá? Lærði hann arabísku? Fram að þessu hefur ekki verið orð um það, líklegast vegna þess að það gæti sýnt Hamas í einhverju betra ljósi. Honum verða örugglega lagðar línurnar rækilega áður en hann fær að tjá sig.

Erlendir fréttamenn spurðu mig margt í vikunni hvort fangaskiptin greiði fyrir nýju friðarferli. Hvað almannahug varðar, þá er því öfugt farið.

Sömu fréttamenn spurðu mig hvort það hefði ekki truflað Benjamin Netanyahu að fangaskiptin væru vís til að styrkja Hamas og koma alvarlegu höggi á Mahmoud Abbas. Þeir voru agndofa þegar ég svaraði að þetta hefði verið eitt



helsta markmiðið með samþykkinu, ef ekki hreinlega það helsta.

Þessu klækjabragði var beint gegn Abbasi.

Aðgerðir Abbasar hjá Sameinuðu þjóðunum hreifðu heldur betur við hægristjórninni okkar. Jafnvel ef það eina sem kemur út úr þessu í reynd er að alþjóðapingið viðurkenni Palestínu sem áheyrnarfulltrúa á þinginu, mun það samt vera stórt skref í átt að raunverulegu Palestínuríki.

Rétt eins og allar aðrir ríkisstjórnir okkar frá því að Ísrael var stofnað er þessi ríkisstjórn alfarið á móti sjálfstæðu ríki Palestínumanna, jafnvel enn meira þær fyrri. Það myndi binda enda á drauminn um Stór-Ísrael sem næði að bókum Jórdanár, við myndum neyðast til að skila stórri sneið af Fyrirheitna landinu og yfirgefa tugi landtökubyggða.

Það er þetta sem Netanyahu og félagar óttast mest. Þeir óttast Hamas ekki vitund. Hvað geta þeir gert? Varpað nokkrum eldflaugum, drepð nokkra – og hvað með það? Tvöfalt fleiri deyja í umferðarslysum í Ísrael en nokkurn tíman af völdum hryðjuverka. Ísrael ræður við það. Hamasstjórnin færir líklega ekki einu sinni með völd á Gaza ef Ísrael hefði ekki skilið Gazaströndina frá Vesturbakk-anum, þvert á að hafa heitið í Osló að opna fjórar greiðfærar leiðir þar á milli. Það var aldrei gert.

Þetta skýrir líka tímasetninguna. Hvers

vegna fellst Netanyahu núna á eitthvað sem hann hefur barist gegn af heift allt sitt líf? Það er vegna þess að fjaðralausi kjúklingurinn Abbas breyttist skyndilega í örn.

Daginn sem skipst var á föngum hélt Abbas ræðu. Það var ansi holur hljómur í henni. Fyrir hinn almenna Palestínumann lá málið ljóst fyrir: Abbasi tókst ekki, þrátt fyrir alla vini sína meðal Ísraela og Bandaríkjamanna, að fá neinn látinn lausan árum saman. Hamas, sem beitti valdi, fékk meira en þúsund fanga látna lausa, þar á meðal meðlimi í Fatah. Ergo: „Valdbeiting er eina tungumálið sem Ísrael skilur“.

Langflestir Ísraelar studdu samkomulagið, þó að þeir væru vissir um að hrottafengnu morðingjarnir myndu reyna aftur að drepa okkur.

Skilin hafa aldrei verið jafn skýr og núna: 25 prósent voru andvíg. Þar með talinn er allur öfgahægrivængurinn, allir landtökumennirnir og næstum allur þjóðernis-trúarvængurinn. Allir hinir – sá gríðarstóri hópur sem samanstendur af miðjumönnum, vinstrimönnum, trúlausum og frjálslyndum, auk hófsamra trúmanna – studdu samkomulagið.

Það er þessi almenningur í Ísrael sem framtíðarvonir hvíla á. Ef Netanyahu hefði boðið Palestínumönnum friðarsamkomulag í þessari viku, og ef hann hefði notið stuðnings yfirmanna hersins, Mossad og innanríkisleynipjónustunnar (eins og í þessari viku) hefði sami meirihluti stutt hann.

Hvað fangana varðar, þá er 4000 enn haldið í ísraelskum fangelsum og líklegt er að þeim muni fjölga aftur. Það er alveg rétt hjá andstæðingum samkomulagsins að þetta sé palestínskum hreyfingum mikill hvati til þess að reyna áfram að handsama ísraelska hermenn í því skyni að fá fleiri fanga látna lausa.

Ef allir Ísraelar eru frá sér numdir af því að einum strák var skilað til fjölskyldu sinnar, hvað þá með 4000 fjölskyldur hinu megin? Því miður setja Ísraelar almennt ekki spurninguna fram þannig. Þeir eru orðnir vanir því að líta aðeins á palestínska fanga sem skiptimynt.

Hvernig á að hindra að reynt verði að handsama fleiri hermenn? Það er bara ein leið fær: Að komast að trúverðugu samkomulagi, sem geti orðið til þess að þeim verði sleppt.

Eins og með friði, ef þið afsakið orðbragðið.

Uri Avnery er ísraelskur friðaraktivisti, fyrrum hermaður, blaðamaður og stjórn-málamaður. Hann fer fyrir friðarsamtökunum Gush Shalom.

Þýðing: Einar Steinn Valgarðsson.

Ekki hægt að standa til hliðar og þegja

**Viðtal við
Mazen
Maarouf**

Nýlega hlaut rithöfundurinn Mazen Maarouf tveggja ára pólitískt hæli á Íslandi. Hann kom hingað á vegum samtakanna ICORN (International Cities of Refugee Network) en Reykjavík varð nýlega ein af um fimmtíu borgum sem veita landflótta rithöfundum tímabundið skjól. Mazen er fyrsti rithöfundurinn sem fær slíkt skjól hér á landi. Hann fæddist í Líbanon en foreldrar hans flúðu þangað frá Palestínu árið 1948.

Hópminning sem gengur í erfðir og tilvera sem minnir sífellt á að maður er Palestínumaður.

Mazen segir að sögur afkomenda þeirra Palestínumanna sem flúðu til Líbanon 1948 séu líkar að mörgu leyti. Það sé ekki oft að þess konar hópminning skapist en þannig sé það með flóttafólk. Það sé ekki málstaðurinn heldur minningin sem fólkíð eigi sameiginlegt og minningin gangi í erfðir. Sjálfur tilheyrir hann annari kynslóð útlaga.

Fjölskylda Mazens er frá Galíleu í Norður Palestínu. Í þorpinu bjuggu bæði kristnir og múslimar, en fjölskylda Mazens er kristin. Eftir flóttann til Líbanon dvaldi hún í flóttamannabúðum í austurluta landsins. 1975 fluttist fjölskyldan í Tel al-Zaatar flóttamannabúðirnar en þær voru jafnaðar við jörðu við upphaf borgarstyrjaldarinnar í Líbanon. Þarna hófust fyrstu stórfelldu fjöldamorðin á Palestínumönnum í Líbanon. Á áttunda áratugnum gekk Jórdanía einnig hart fram gegn Palestínumönnum.

Fjölskyldan bjó svo í Beirút í 4 ár og um tíma í Sabra-flóttamannabúðunum en fluttist þaðan um ári fyrir fjöldamorðin þar árið 1982. Mazen fæddist 1978 og ólst upp skammt fyrir utan búðirnar.

Mazen segir að á áttunda og níunda áratugnum hafi hins vegar ekki skipt öllu hvar maður bjó í landinu, maður hafi alltaf haft stimpilinn „Palestínumaður“. Það hafi skapað hættu og maður verið blóraböggull fyrir hefndarþorsta á stríðstímum. Hann segir ekki hægt að standa til hliðar svo hann hafi snemma látið sig málstað Palestínumanna varða.

Hernaðar- og stjórnmálaátök Líbanon

Mazen er þrjátíu og þriggja ára og hefur orðið vitni að átökum og stríði frá unga aldri. Hann segir að á árunum 1978-1996 hafi stjórnarflokkar í Líbanon strítt sín á milli og afskipti Sýrlands af innanríkismálum í Líbanon hafi vegið þungt. Sýrland hafi einnig gengið hart fram gegn



Mazen Maarouf, rithöfundur. Með tveggja ára pólitískt hæli í Reykjavík á vegum ICORN og Reykjavíkurborgar..

frelsissamtökum Palestínu, PLO. Þessir tveir aðilar hafi verið eins og sér ríki inni í Líbanon. Sýrlendingar hafi viljað brjóta PLO á bak aftur og hindra samstöðu í líbönskum stjórnmálum. Mazen minnst á fjöldamorðin í Sabra og Shatila 1982, þegar Ísraelsher gaf herflokkum falangista lausan tauminn til að ráðast inn í flóttamannabúðirnar og stóð vaktina, þar sem falangistarnir slátruðu konum, börnum og öldruðum á 36 tímum, en vopnfærir Palestínumenn höfðu verið reknir burt áður. Vonarstjarna falangista, forsætisráðherrann Bashir Gemayel, hafði verið myrtur skömmu áður og falangistar létu hefnd sína bitna á Palestínumönnum, þó þeir hefðu ekkert haft með morðið að gera. 1986

1986 voru hins vegar fjöldamorð fram- in sem Sýrlendingar efndu til og nánast aldrei er talað um, það er tabú. Mazen segir að þó gagnrýni á Ísrael sé góðra gjalda verð, sé tilhneiging að kenna Ísrael um allt sem aflaga fer og þegja yfir voðaverkum sem arabar fremja gagnvart arðbum en fjöldamorðin sem hófust 1986 stóðu yfir í 3 ár. Það ár fór Sýrlandsstjórn þess á leit við einn stjórnmálaflokkana



Viðtal: Einar Steinn Valgarðsson

í Líbanon að liðsmenn hans umkringdu búðirnar og hæfu skothríð á fólkíð þar. Mazen segir þetta verið skilaboð til Arafats og fólkíð í búðunum hafi verið beitt hópfrefsingum en Palestínumenn séu beittir hópfrefsingum enn í dag á margan hátt.

Stríðið, sem stundum er kallað „stríð flóttamannabúðanna“, stóð yfir í 3 ár með blessun stórvelda. Mazen segir stjórnvöld í Ísrael og Sýrlandi hafa verið mjög sátt við þetta. Í framhaldinu hafi geisað geisaði mikil hungursneyð og fólk lagt sér nánast allt til munns. Það hafi verið skelfilegt að upplifa þetta sem barn. Alþjóðlegur þrýstingur á Sýrland varð loks til þess að stríðinu lauk. Enn má ekki opna skýrslur um þetta í Líbanon. Mazen bendir á að til að mynda fari yfirmaður herliðsins núna fyrir þinginu í Líbanon. Þannig sé jafnvel mikilvægara rétti flóttamanna til að snúa til baka að létt verði af þessari þöggun og óréttlætið verði viðurkennt. Enn hafi gerendur enga iðrun sýnt.

Mazen segir að frá sumu sé erfitt að segja sem hann upplifði sjálfur. 1989 minnst hann þess að það voru átök milli líbanskra herflokka og Sýrlandshers. Þá hafi loftskæti lent nálægt glugganum á húsinu þeirra og hálf íbúðin þeirra hafi brunnið. Níu börn vina þeirra dóu og systir Mazens særðist. 1982 lifði fjölskyldan við ótta og var á flotta því Ísraelar leituðu að Palestínumönnum, Mazen var fjögurra ára þegar þetta var.

Hann segir að þannig sé staða Palestínumanna afar ólík stöðu Líbana. Sumir í Líbanon hafi vissulega tekið þeim vel, en almennt séð hafi þeir aldrei þótt velkomnir og komið hafi verið fram við þá sem aðskotadýr. Hann lýsir sífellt um þrýstingi á Palestínumenn gegnum árin og enn í dag sé öll pappírsvinna Palestínumönnum afar andsnúin, t.a.m. hvað varðar vegabréf og ferðaleyfi og kröfur um borgaraleg réttindi séu bældar niður. Palestínumenn séu jafnframt ítrekað gerðir að blórabögglum, miklir fordómar í þeirra garð, sér í lagi á stríðstímum. En ekki sé hægt að kenna Palestínumönnum t.d. um borgarastríð á 6. áratugnum, þegar þeir hírdust inni lokaðir í flóttamannabúðum.

Palestínumaður og Líbani

Mazen er fæddur og uppalinn í Líbanon, þar hlaut hann menntun sína og þar á hann vini. Hann hefur hins vegar aldrei fengið leyfi frá yfirvöldum í Ísrael til að koma til Palestínu. Á sama tíma segist

DNA

*Það er ein leið til að öskra
Mundu það, þú ert Palestínumaður.
Ein leið til að grandskoða andlitið þitt í rútuglugga á meðan döðlutré
og burðarmenn þjóta fram hjá
og brjóta upp spegilmyndina þína.
Ein leið
til að svífa að Ósonlaginu
léttilega, eins og helúmblaðra
eða gráta því að þú ert bastarður.
Ein leið
til að leggja hendurnar á brjóst þeirrar sem þú elskar
Og dreyma
um fjarlægja hluti:
Litla íbúð í úthverfi Parísar, Louvre
Fullt, fullt
af einmanaleik og bókum.
Ein leið til að deyja
egna leyniskytturarnar
í dagrenningu
Með því að kalla stúlkuna þína sem heldur framhjá þér
hóru.
Að reykja gras í lyftu,
einn klukkan ellefu um nóttina;
Að semja eymdarlegt ljóð á baðherberginu.
Ein leið til að öskra í ræsinu
þar sem andlitið þitt birtist aftur
í eiturefnapolli og þú manst, á þeirri stundu,
að þú ert áreiðanlega ekkert
nema
Palestínumaður.*

Mazen Maarouf

Þýðing: Einar Steinn Valgarðsson

hann alltaf tengdur þeirri staðreynd að hann er í útlegð. Hann hugsar um hvers vegna hann sé ekki í landinu sínu. Þar spili margir þættir inn í. Palestínumenn á Vesturbakkanum, Gaza og í Ísrael upplifi hernámið á hverjum degi. Flóttamenn í Líbanon upplifi hins vegar kerfið þar í landi, sömuleiðis sterk ítök Sýrlands í landinu og víðar. Hann segist líta á sig fyrst sem Líbana og svo sem Palestínumann en þessu sé samt erfitt að svara. Kringumstæður hans séu aftur á móti líbanskar. Hann segir Palestínumenn í Palestínu þjást meira en flóttamennina, þeir séu bæði undirokaðir af öfgahópum samlanda sinna og af hálfu Ísraels. Hann segist jafnframt skynja vissa gjá: Palestínumenn í Palestínu viti t.a.m. ekki mikið um hann sem rithöfund og það sé gagnkvæmt. Hann segist ekki vita hvort

það sé landið, uppruninn, vegabréfið eða eitthvað annað sem ákvarði þjóðerni.

Menntun og ljóðagerð.

Mazen lærði efnafræði í háskóla. Hann segir að sé maður Palestínumaður í atvinnuleit í Líbanon sé hins vegar ekki tekið tillit til þeirrar menntunar sem maður hefur. Aftur á móti hafi eðlisfræðin mótað hugsun sína. Hann hafi fengið áhuga á skrifum í grunnskóla og einhvern veginn lent á raungreinadeild. Hann hafi lengi skrifað og lesið og þegar nær dró útskrift hafi hann gefið út fyrstu ljóðabókina sína. Efnafræði hjálpi honum að skilgreina og að sjá hvernig hlutir vinni saman í lífinu og það hafi nýst honum við skriftir.

Eftir níu ár í efnafræði segist hann hafa ákveðið að snúa sér að skrifum alfarið.

Hann segist reyna að forðast beina

pólitík þegar hann skrifar bókmenntatexta. Bókmenntir lúti sínum eigin lögmálum. Hann vilji ekki bara skrifa eitthvað sem allt eins mætti gúgla, heldur að það hafi eitthvað listrænt gildi umfram það.

Listasenan í arabalöndunum.

Mazen segir Beirút bera þar hæst, hún sé leiðandi í listsköpun, hafi löngum hýst fjölbreytta flóru listamanna og sé afar opin fyrir nýjungum. Um miðja 20. öld hafi bókmenntir og ljóðlist borið hæst en í seinni tíð hafi sjónrænar listir orðið meira ríkjandi.

Í Damaskus hafi leiklist staðið í miklum blóma fyrir byltingu, en stjórnvöld hafi þó sett henni skorður. Við Persaflóann sé miklum fjármunum varið í listir. Í Abu Dabí, Quatar og víðar sé unnið hörðum höndum að því að sýna öðrum að þar sé öflugt listalíf og hann vísar t.d. til alþjóðlegra kvikmyndahátíða.

Áhrifavaldar og innblástur

Hvað bókmenntaskrif varðar segist Mazen hafa sótt áhrif úr ýmsum áttum, Hann hafi í fyrstu aðallega verið undir áhrifum frá arabískum ljóðskáldum, en reyni almennt að víða að sér sem fjölbreyttustu lesefni. Í sjö ár eftir fyrstu ljóðabókina vann hann og gaf ekkert ljóð út. Hann segist hafa þurft að finna betur sína eigin rödd og það hafi tekið tíma. Hann var aftur á móti kominn með gott safn þegar að næstu útgáfu kom og þriðja ljóðabókin hans er nýkomin út í Beirút. Hann segir eflaust gæti einhverra áhrifa frá öðrum ómeðvitað, hann reyni engu að síður að halda sinni eigin rödd.

Mazen segir að í ljóðum sínum reyni hann að forðast klisjur, sem séu því miður allt of áberandi í arabískum ljóðum, t.d. í myndmáli og segist vona að honum takist það. Það megi sjá hliðstæðu milli þess að vera fastur í þess konar klisjum og að vera heftur af stjórnmálaástandi og átökum. Hann segist ekki kafa inn á við í neinni andlegri íhugun eftir innblæstri, hvaða sjónræna smáatriði sem er geti orðið uppspretta ljóðs, það sé fremur hvernig hann bregðist við umhverfinu og tjái það í kjölfarið. Hann reyni að kafa í minni og reynslu og endurskapa umhverfið.

Framhald á næstu síðu

**Munið neyðarsöfnun
félagsins:**

Reikn.: 0542-26-6990

Kt. 520188-1349

**Skýring: Neyðaraðstoð
við Palestínu**



Skemmtileg sjálfsmmynd Mazens, þar sem arabíska lettrið mótar myndefnið.

Hótanir

Mazen byrjaði að skrifa um stjórnmál í háskólanum. Hann þótti skrifa öðruvísi en aðrir og hann nefnir helst áhrif efnafræðinnar, hún hafi hjálpað honum við að greina viðfangsefni sitt.

Mazen var í palestínskum menningarklúbb sem var í og með hugsaður sem andóf gegn þeirri klisju að Palestínumenn væru vandræðagemsar og meðlimir vildu sýna siðmennt Palestínumanna og að þeir gætu barist friðsamlega fyrir réttindum sínum. Þetta féll ekki í góðan jarðveg hjá öllum og hann og félagar hans sættu hótunum.

Hann segir að þó að maður hætti að tjá sig um stjórnmál, þýði það ekki að stjórnmálin hætti að skipta sér að manni. Ýmsir hópar hafi líka viljað eigna sér málstað Palestínumanna í eigin hagsmunaskyni, og þannig sé það enn. Palestínumenn sjálfir eigi helst ekki að tjá sig. Þetta hafi hann ekki getað sætt sig við, né þöggunina gagnvart því þegar Arabar hafa komið illa fram við Palestínumenn, eins og í tilviki Sýrlands. 2003 til 2008 sætti hann alvarlegum hótunum vegna skoðanna sinna, og það upp í opið geðið á sér. Hann fann til ótta en engu að síður tjáði hann áfram skoðanir sínar og skrifaði t.a.m. greinar í kjölfar uppreisnarrinnar í Sýrlandi og tók viðtöl við fólk sem var andsnúið stjórninni þar. Hann segir að stjórnin þar hafi verið við lýði í fjóra áratugi og fólkið biðji bara um grundvallarréttindi.

Koman til Íslands.

Mazen lætur vel af móttökum sínum. Borgin hafi ljáð honum góðan stað að búa á og fólk sé hlýlegt og vinalegt. Hann segist nú þegar hafa eignast vini hér, sé byrjaður að semja, enda hjálpi þeir hlýju straumar sem hann skynji frá fólki honum við skrifi. Hann sé einnig að vinna að fyrstu skáldsögunni sinni. Hann hafi hann sérlega hri

og hversu gott aðgengið sé að bókum og nefnir í því sambandi góða þjónustu

á bókasöfnum. Hann segist því vera ánægður hér en vissulega sakni hann vina sinna og fjölskyldu. Hann er enn að koma sér fyrir í Reykjavík en hefur áhuga á að ferðast víðar um landið. Eins hefur hann áhuga á að þýða íslenskar bókmenntir yfir á arabísku.

Friðsöm andspyrna

Mazen segir Ísrael beita ofbeldi og herstyrk sínum gegn Palestínumönnum en þeir nýti sér ekki síður áróður á alþjóðavettvangi. Sharon hafi t.d. nýtt sér árásmálin 11. september, sem allir geti tekið undir að voru hryðjuverk, til að réttlæta undirokun á Palestínumönnum í nafni hins svokallaða stríðs gegn hryðjuverkum.

Hann segist skilja að undurokað og kúgað fólk grípi til ofbeldis til að vekja athygli á málstað sínum þegar það er hundsað og enginn kemur því til hjálpar. Þannig hafi Palestínumenn lengi beitt beinum aðgerðum en hafi ekki hugað að öðrum leiðum. Kannski hefði hann jafnvel brugðist eins við ef hann hann hefði búið við sömu aðstæður.

Sem skáld geti hann þó ekki trúað á ofbeldi eða hvatt til þess. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að sannfæra umheiminn um réttmæti málstaðar Palestínumanna. Ísrael hafi hins vegar verið meðvitaðri um þessa leið og vægi hennar og hafi ekki vílað fyrir sér að drepa rithöfunda, t.d. Ghassan Kanafani. Innbyrðis erjur milli Palestínumanna og ýmis mistök af þeirra hálfu hafi svo gert illt verra. Mazen leggur áherslu á möguleika netmiðla til að varpa upp skýrari mynd af ástandinu, mikilvægi þess að byggja upp samfélagið og sýna Palestínumenn sem siðmenntað fólk með sína sögu og menningu. Hann styður friðsama andspyrnu og borgaralega óhlyðni. Það sé andsvar og andstæða við hernaðarmáskinu Ísraels og sú saga sé ekki síður blóðug og þar hafi hryðjum sannarlega verið beitt. Mazen segir skýrasta vandamál Palestínumanna vera hernám Ísraels gagn-

vart Palestínumönnum. Andófið beinist þó ekki aðeins gegn Ísrael heldur ekki síður að arabaríkjum sem vilja undiroka Palestínumenn og ráðskast með þá.

Arabíska vorið

Mazen segir arabíska vorið einnig vera blóðugt vor en þegar þjóð séu undir einræði í áratugi sé varla við að búast að samfélagið verði siðmenntað eða lýðræði ríki í kjölfar byltingar, því ofbeldi sé orðið rótgróið. Hann telur að ef arabíska vorið áorki einhverju verði það fremur til lengri tíma liðið, nú sé millistig þar sem ofbeldi geisar. Fólk sé þreytt á stjórnvöldunum og að þau hafi ekki gert neitt fyrir Palestínumenn, þau hafi talað í nafni Palestínu en viljað brjóta PLO á bak aftur, eins og fyrr er getið. Hann segist sjálfur ekki PLO-sinni og hafi alltaf staðið utan allra flokka en þau hafi þó staðið fyrir málstað Palestínumanna og fengið arabaríki á móti sér fyrir vikið. Til lengri tíma liðið hljóti að teljast jákvætt fyrir Palestínumenn að slíkar stjórnir fari.

Sjálfstæðisfyrirlysing Palestínu og viðurkenning umheimsins

Mazen segir sjálfstæðisfyrirlysinguna afar mikilvæga og að þetta séu kaflaskil í sögu Palestínu. Hann styðji ekki allar ákvarðanir heima stjórnaðarinnar en þetta sé afar jákvætt. Ísraelsk stjórnvöld hafi sannað að þau vilji ekki Palestínuríki í nokkurri mynd. Við Oslóarsamkomulagið hafi margir endar verið opnir eða geymdir til seinni tíma viðræðna og það hafi í raun gert Ísrael kleyft að athafast eins og því sýndist. Allar samningaviðræður hafi mistekist því Ísrael hafi ekki viljað veita Palestínumönnum neitt haldbært. Hroki Ísraels sé þó farinn að fara í taugarnar á mörgum stjórnmálaleiðtogum, Bill Clinton hafi t.d. lýst þreytu sinni og um daginn hafi Frakklandsforseti sagt við Obama Bandaríkjaforseta að Netanyahu væri lygari. Obama hafi sagst ekkert geta gert í því. Þetta þýði að leiðtogar þessara stórvelda séu undir þrýstingi, þeir geti sagt þetta en geti ekkert aðhafst. Það sé því vonandi að arabíska vorið muni til lengri tíma leiða til betri tíðar.

Óljós framtíð

Mazen segist ekki vita hvað taki við, því nú geti hann ekki snúið aftur, öryggis sins vegna. Hann er í sambandi við fjölskyldu sína í gegn um síma og internet. Hann veit ekki hvort hann byrji nýtt líf hér en langar að þýða, eiga samstarf t.d. við Norræna húsið og kynna araba fyrir íslenskum bókmenntum.

Hann langar að bindast landinu og gefa af sér til baka til borgarinnar og landsins.

Hann segist verða að sjá hvað setur með framhaldið og spurningin leiti vissulega á hann.

Stöndum vörðum mannúðina

Í apríl 2011 voru friðaraktívistarnir Juliano Mer-Khamis og Vittorio Arrigoni myrtir með 11 daga millibili, á Vesturbakkanum og á Gaza.

Félagið Ísland-Palestína harmar og fordæmir þessi morð.

Vittorio Arrigoni fannst myrtur 15. apríl í yfirgefnu húsi á Gazaströnd. Hann var 36 ára gamall. Skömmu áður hafði verið birt myndband þar sem hann sást í haldi hóps sem krafðist þess að meintur leiðtogi þeirra yrði látinn laus og gaf 30 tíma frest fram að því að Vittorio yrði drepinn. Leiðtogi þessi fer fyrir áður óþekktum klofningshóp tiltölulega óþekktra samtaka á Gaza, þ.e. Salafista.

Ráðið hefur verið að Vittorio hafi verið myrtur löngu áður en fresturinn rann út. Salafistar neituðu aðkomu en gáfu þó út loðnar yfirlýsingar varðandi morðið. Í kjölfarið hertu Hamas sókn gagnvart Salafistum.

Juliano Mer-Khamis var myrtur í flóttamannabúðum Jenín á Vesturbakkanum 4. apríl af óþekktum grímumönnum. Hann var 52 ára gamall. Hann lætur eftir sig tvö börn og barnshafandi eiginkonu. Þegar þetta er ritað hefur einn maður hefur verið ákærður en enginn hefur enn lýst morðinu á hendur sér.

Margt má teljast gruggugt í þessum málum. Hvorki er t.d. hægt að fullyrða né útiloka aðkomu Ísraels að morðunum.

Engu að síður virðast þessi hrottalegu morð til þess gerð að ala á sundrungu meðal Palestínumanna og fæla hjálparstarfsfólk og friðar- og mannréttindabaráttufólk frá starfi í Palestínu. Félagið vill ítreka kröfuna um vernd fyrir fólk sem að slíkum málum starfar og þá jafnframt kröfuna um vernd handa almennum borgurum.

Minning fólks eins og Julianos og Vittorios er best heiðruð með því að halda á lofti þeim gildum sem það hafði að leiðarljósi; baráttunni fyrir friði og grundvallarréttindum. Það mun Félagið Ísland-Palestína gera nú sem endranær.

Einkunnarorð Vittorio: „Stay Human“ eru svo orð sem allir ættu að geta tekið til sín. Þá minnst undirritaður orða Vittorios í svari til hans á bloggi Vittorios, Guerilla Radio: „Frá Íslandi til Ítalíu slær sama hjartað af ástríðu fyrir frelsun Palestínu“.

Vittorio starfaði meðal annars með Alþjóða samstöðuhreyfingunni, ISM, líkt og friðaraktívistinn Rachel Corrie, sem drepin var af Ísraelsher í borginni Rafah, syðst á Gaza, árið 2003 þar sem



Juliano Mer-Khamis



Vittorio Arrigoni

hún vildi aftra að Ísraelsk jarðýta jafnaði palestínskt hús við jörðu. Þriðji meðlimur hreyfingarinnar sem drepinn hefur verið í Palestínu var Tom Hurndall, sem Ísraelskur hermaður skaut í höfuðið á Gaza sama ár og Rachel Corrie. Hurndall hafði þá verið að reyna að koma palestínskum börnum í skjól undan vélbyssuskotum frá Ísraelskum skriðdreka.

Í Palestínu vann Vittorio göfugt hjálparstarf, var öflugur í friðarbaráttu, í átakinu um að koma hjálpargögnum og nauðpurftum til Gaza og í baráttunni fyrir því að herkvínni á Gaza verði aflétt.

Vittorio bjó meðal fólksins á Gaza, hafði palestínskt vegabréf og fólkið á Gaza áleit hann einn þeirra, sem sést vel á viðbrögðunum við morði hans. Hann hafði sterka réttlætiskennd, fylgdist náið með og flutti fréttir af ástandinu á Gaza í blaðinu *Il Manifesto* og á bloggi sínu, *Guerilla Radio*. Hann kom fram í heimildamyndinni *To Shoot an Elephant*, sem sýnd var hér á landi á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF árið 2010 og fjallar um ástandið á Gaza á meðan árásum Ísraels á svæðið stóð í desember 2008 og janúar 2009. Um ástandið ritaði hann bókina *Gaza: Stay Human* sem vert er að benda sérstaklega á.

Leikarinn, leikstjórinn og friðaraktívistinn Juliano Mer-Khamis var einnig maður með sterka réttlætiskennd. Hann var gyðingur að móðerni og Palestínu-maður að faðerni og lýsti sjálfum sér sem 100% araba og 100% gyðingi. Móðir



Eftir Einar Stein Valgarðsson

hans, Arna Mer-Khamis helgaði líf sitt baráttu í þágu palestínskra barna. Árið 1987 stofnaði hún samtökin *Umhyggja og nám* (Care and Learning) til verndar börnum undir hernámi og til að hjálpa þeim við heimanám. Samtökin útbjuggu námsefni fyrir börnin og hjálpuðu foreldrum við að skipuleggja heimanámið. Komið var á fót barnaheimilum í Jenín sem voru í senn miðstöðvar lista og menntunar. Þar á meðal stofnaði Arna leikhóp fyrir börnin.

Arna kom til Íslands árið 1991 í boði Kennarasambands Íslands, Fósturfélags Íslands og samtakanna Barnaheilla. Félagið Ísland-Palestína átti fund með henni þá og ákvað á aðalfundi sama ár að standa fyrir söfnun til stuðnings hjálparstarfinu sem hún fór fyrir. Árið 1992 heimsótti þá nýlega kjörinn formaður F.Í.P., Sveinn Rúnar Hauksson, Örnur og barnaheimilin í Jenín. Hann og aðrir sem hittu Örnur á Íslandi minnst hugrakkir og dugmikillar konu með sterka réttlætiskennd. Hafði Juliano því ekki langt að sækja þessa sömu eiginleika.

Í anda móður sinnar stofnsetti Juliano ásamt þremur öðrum Frelsisleikhúsið í Jenín árið 2006, en því var ætlað að efla hæfileika, sjálfsvitund og sjálfsöryggi og að nýta sköpunarferlið til félagslegra umbóta. Ísraelsher sprengdi húsnæðið þremur árum síðar. Juliano var myrtur við rústin þess.

Félagið Ísland-Palestína vill heiðra minningu og starf þessa fólks. Stefnt er að sýningu myndarinnar *Arna's Children* á nýju ári, 2012, nánari dagsetning verður auglýst síðar.

Arna's Children segir frá áður nefndum leikhóp sem Arna stofnaði í flóttamannabúðunum fyrir börnin þar. Ætlunin var að gefa börnum sem lifðu við hernám farveg til að gefa tilfinningum sínum útrás. Juliano var einn leikstjórnari í hópnum og kvikmyndaði börnin á æfingum á tímabilinu 1989 til 1996. Árið 2002 sneri Juliano aftur til Jenín til að kynna sér afdrif barnanna. Lífið fólksins er fast í sömu viðjum og hefur síst breyst til batnaðar. Hernámið er þrúgandi. Yussef framdi sjálfsmorðsárás í Hadera sama ár, Ashraf var drepinn í árás Ísraels á Jenín og Ala fer fyrir andspyrnuhreyfingu. Juliano horfir til baka og veltir fyrir sér hvað varð til þess að börnin sem hann unni og starfaði með héldu á þessar brautir.

Þessi áhrifaríka mynd sýnir okkur börn, með sjarna sinn, húmor og drauma kljást við þann hráslagalega veruleika sem felst í því að lifa við hernám og hversu erfitt verður að halda í bernskuna, vonir og mannúð við slíkar aðstæður.

Stöndum vörðum draumana og mannúðina. Styðjum friðarbaráttu, baráttuna fyrir grundvallarréttindum og hjálparstarf. Niður með herkvína. Niður með hernámið. Lifi frjáls Palestína.

Enginn friður fyrr en sionistar missa völdin

Ísraelsríki hefur enga stjórnarskrá sem kveður á um lýðræðislegan grundvöll sem þegnum þess og stjórnvöldum beri að virða.

Í stað stjórnarskrár gilda nokkrir lagabálkar sem kallast „grundvallarlögin“. Helsti lagabálkurinn sem hér um ræðir er frá 1950 heitir *Lög um endurkomu* (hebr.: *hok ha-shvut*). Í þeim lögum er kveðið á um rétt allra manna sem teljast af gyðingastofni og/eða gyðingatrá til að öðlast ríkisborgararétt og setjast að í Ísrael.

Lög þessi byggja á þeirri trú margra að Palestína sé hin fornu heimkynni þjóðar sem nefnist gyðingar (Yhudim/Jews/Juden/) og eigi því rétt til að snúa til heimkynna forfeðra sinna – þótt hugmyndasmiðirnir sjálfir telji að um 2000 ár séu liðin frá brottför þeirra frá þessu landssvæði. Helsta heimildin sem notuð er sem undirstaða laganna og réttindanna eru forn trúarrit, þ.a.m. er Biblían í ýmsum útgáfum.

Stjórnmalastefnan sem byggir á þessum fornu hugmyndum heitir sionismi (Hebr.: *Tsiyonut*). Sionisminn mótadist undir lok nítjándu aldar meðal evrópskra gyðinga og er byggður á kenningum um að þessi þjóð (gyðingar) eigi landrými í Palestínu við botni Miðjarðarhafsins. Stærð svæðisins sem sionistar telja vera land gyðinga er þó óljós og síbreytileg, en um helmingur landsvæðisins sem Ísrael ræður í dag er hertekinn eftir að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu skiptingu Palestínu í nóvember 1947. Sioniska hreyfingin skiptist í skoðanahópa, einn þeirra, s.k. revisionistar, telja land gyðinga ná yfir töluvert stærra svæði en sionistar ráða í dag. Þeir telja „landið helga“ ná yfir allt núverandi Ísrael, öll herteknu svæðin (Vesturbakkann, A-Jerúsalem, Gaza og Gólan hæðir), hálf Líbanon, alla Jórdaníu og hluta Egyptalands. Likud bandalagið sem nú fer með stjórnartauma í Ísrael er afsprengr revisionistiska hluta sionismans.

Biblúsögurnar í listum

Meirihluti Vesturlandabúa eru aldir upp við sögur Biblíunnar um Jesú og líf gyðinga í „landinu helga“. Þessar sögur hafa gegnsýrt menningu okkar í aldir, í



Theodor Herzl, helsti upphafsmaður sionismans.

Landið sem guð gaf skv. kenningum sionista.



kristnu uppeldi og allri menningu. Þær eru greypar í huga okkar frá unga aldri með listaverkum á öllum sviðum. Dæmi um heimsfræg listaverk í þessum anda eru málverk Rembrandts (Salome sýnir afhoggið höfuð Jóhannesar skírara) og höggmynd Michelangelos (styttan af Davíð). Þessi glæsilegu verk sýna okkur hvernig miklir listamenn voru hugfangnir af sögunum frá botni Miðjarðarhafs.

Í nútímanum eru gerðar kvikmyndir og sjónvarpsþættir sem byggja á sögum um Móses og fleiri sögupersónur Biblíunnar. Kvikmyndaframleiðendur Hollywood meðhöndla biblíuhetjurnar sem raunverulegar persónur og frægustu leikarar látnir túlka Jesú.



Eftir Hjalmtýr Heiðdal

Biblíuuppeldi kynslóðanna, síbyljan um „landið helga“ og útvalinn þjóðflokk, bjó til grundvöll sem sionistar nýttu sér í samskiptum við vestræna leiðtoga. Leiðtogar Evrópu og skoðanabræður þeirra þekktu einnig sögu gyðingaofsóknanna og eftir grimmar morðherferðir nasista var leiðin greiðari fyrir sionista sem börðust fyrir stofnun sionistaríkis fyrir botni Miðjarðarhafs.

Land án þjóðar

Í baráttu sinni fyrir tilurð Ísraelsríkis notuðu sionistar kjörorðið: „Land án þjóðar fyrir þjóð án lands“. Þetta gerðu þeir í fullri vitund um tilvist Palestínumanna í landinu sem þeir ágrintust. En hugmyndafræðin um landið sem gjöf guðs til sinna útvalinna leiddi til þess að sionistar litu á Palestínumenn sem aðkomumenn, án raunverulegs tilkalls til landsins. Árangur sionista byggðist fyrst og fremst á því að nýlendustjórn Breta var hliðholl sionistum og því fengu þeir að undirbúa stofnun gyðingaríkis samtímis því að sjálfstæðistilburðir Palestínumanna voru miskunnarlaust barðir niður. Þjóðernishugmyndir sionista, um endurreisn þjóðríkis gyðinga í landi annarra, enduðu því sem hrein nýlendustefna með stuðningi breska heimsveldisins. (Sjá Rashid Khalidi: *The Iron Cage*).

Heimspekingurinn Hannah Arendt, sem sjálf var af gyðingaættum fjallaði árið 1944 um þessa tengingu sionista við heimsveldahagsmunir og mögulegar afleiðingar: „Þjóðernishyggja er nóg slæm í sjálfu sér þegar þjóðir beita grófu ofbeldi til að framfylgja henni. Þjóðernissinnar, sem viðurkenna að málstaður þeirra er háður stuðningi erlendra aflagra, eru þó verri.

Ef sionistar halda áfram að hunsa þjóðir Miðjarðarhafsins og líta eingöngu til öflugra en fjarlæggra heimsvelda, birtast þeir eingöngu sem verkfæri óvinveittra aflagra.

Gyðingum, sem þekkja eigin sögu, ætti að vera ljóst að slíkt ástand muni óhjákvæmilega leiða til nýrrar bylgu gyðingahatus. Gyðingahatarar framtíðarinnar munu fullyrða að gyðingar hafi ekki aðeins grætt á veru erlendra stórvelda í þessum heimshluta, þeir hafi

í raun skipulagt allt samsærið og beri því sökina á afleiðingunum“.

Áætlanir sionista um brottrekstur Palestínumanna

Það hafa lengi verið ein helstu rök sionista fyrir brottför Palestínumanna frá landi sínu í stríðinu 1948–1949 að þeir hafi verið til þess hvattir af forystu arabaherjanna. Það sé því ekki sök sionista að 750,000 Palestínumenn flúðu og einungis 150,000 urðu eftir á því svæði sem herir sionista lögðu undir sig. Rannsóknir sagnfræðinga, aðallega ísraelskra, hafa sýnt fram á að það var fyrst og fremst vegna skipulagðra árása hryðjuverka sionisku herjanna, Stern, Irgun og Haganah, að íbúarnir voru neyddir á brott.

Til eru skjöl sem skýra frá áætlunum þessara herja um skefjalausán hernað gegn óbreyttum borgunum í þeim tilgangi að ná sem mestu af landi með sem fæstum íbúum.

(Sjá m.a. Ilan Pappé: *The Ethnic Cleansing of Palestine* og Nur Masalha: *Expulsion of the Palestinians*).

Þegar Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti skiptingu Palestínu í nóvember 1947 voru sett þau skilyrði að réttindi íbúanna sem fyrir voru væru að fullu virt. Á þeim svæðum sem áttu að tilheyra hinu nýja gyðingaríki bjuggu um 900.000 Palestínumenn og um 600.000 gyðingar.

Allir sem höfðu kynnt sér áætlanir sionista á þessum tíma, vissu að þeir mundu aldrei sætta sig við að vera minnihluti í því ríki sem þeir ætluðu að stofna á landi annarra. Gyðingar áttu fyrir aðeins um 6% landsvæðisins í allri Palestínu og voru um 30% íbúa, langflestir nýlega aðfluttir frá Evrópu.

Allt frá árinu 1930 ræddu sionistar opinberlega um nauðsyn þess að flytja íbúa Palestínu burt frá þeim landsvæðum sem þeir vildu leggja undir hið nýja ríki. Innan sionismans voru tveir skoðanastraumar, s.k. *labor sionismi* undir forystu Ben-Gurions og s.k. *revisióniskur sionismi*, sem áður var getið, undir stjórn Ze'ev Jabotinskys. Harðgerðustu hryðjuverkaherir sionista, Irgun og Stern, voru skipulagðir af fylgismönnum Jabotinskys. Meðal þeirra var arftaki hans og síðar forsætisráðherra Ísraels, Menachem Begin. Núverandi forsætisráðherra, Benjamin Netanyahu, er pólitískur arftaki Begins og fylgir þeirri stefnu hans að Vesturbakkinn (sem þeir nefna Júdeu og Samaría), A-Jerúsalem og Gazaströndin séu óaðskiljanlegur hluti Ísraels. Skýrt dæmi um þessa stefnu er myndband á heimasíðu aðstoðarutanríkisráðherra Ísraels, Danny Ayalon. (www.youtube.com/dannyayalon). Þar segir hann hátt og skýrt að sionistar hafi nú þegar gef-

ið mikið eftir af réttlátum kröfum sínum með því að samþykkja að Jórdanía sé utan landamæra Ísraels. Augljóst er því að áætlanir um frið og sérstakt ríki Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gaza munu ekki verða að veruleika svo lengi sem sionistar stjórna Ísrael.

Herir sionista hófu stríðið

Þegar eftir samþykkt SP (nóv. 1947) um skiptingu Palestínu, áður en Ísraelsríki var stofnað, réðust herir sionista á íbúa Haifa og Jaffa og náðu að flæma Palestínumenn burt. Áður en herir arabaríkanna komu á vettvang (maí 1948) voru herir Haganah, Irgun og Stern, búnir að reka um 300.000 íbúa út fyrir landamæri hins fyrirhugaða Ísraelsríkis.

Í sagnfræði sionista er stríðið 1947–49 jafnan kallað „sjálfstæðisstríðið“ og því er haldið fram að herir arabaríkja hafi ráðist gegn gyðingum í því skyni að „reka þá í sjóinn“. Það var hins vegar ekki fyrr en eftir að þjóðernishreinsanirnar voru hafnar og þar með ljóst að að sionistar ætluðu að hundsá samþykktir SP að þeir skárust í leikinn. Eins og fyrr segir voru skilyrði Sameinuðu þjóðanna fyrir skiptingu landsins að réttindi íbúa á svæðum sem ættu að heyra undir gyðinga yrðu í engu skert.

Palestínumenn höfðu sjálfir á þessum tíma enga lýðræðislega fulltrúa og þeir höfðu að mestu verið afvopnaðir eftir uppreisn gegn Bretum 1936–39. Þeir voru óskipulagðir og reiddu sig á skærur og gömul og einföld vopn. Þeir máttu sín því lítils gegn vel skipulögðum og þrautþjálfuðum sveitum zionista.

Sveitir Haganah réðust einnig á þau svæði sem SP höfðu úthlutað Palestínumönnum og þegar samið var um vopnahlé 1949 voru sionisku herirnir búnir að leggja undir sig 78% landsins.

Þegar framferði sionista 1947 varð mönnum ljóst kom bakslag í ráðagerðirnar. Truman forseti Bandaríkjanna, sem hafði barist svo ötullega fyrir málstað sionista, hótaði að afturkalla samþykkt Allsherjarþingsins og stuðning Bandaríkjanna við stofnun Ísraels. Í mars 1948 tilkynnti svo Warren Austin, aðalfulltrúi Bandaríkjanna hjá SP að stjórn hans vildi ekki standa lengur að samþykktinni um skiptingu Palestínu. Ennfremur vildi stjórn Trumans að alþjóðaherlið yrði sent til að skakka leikinn. Sionistum tókst að beita áhrifum sínum í stjórnkerfi Bandaríkjanna og fá Truman aftur á sitt band og 15. maí 1948 lýstu þeir yfir stofnun sjálfstæðs ríkis. 15. maí sama ár, mörgum mánuðum eftir að sionistar hófu þjóðernishreinsanir gegn Palestínumönnum, var herlið araba sent til Palestínu til þess að freista þess að verja þau svæði sem SP höfðu úthlutað 70% íbúa landsins.

Eftirleikinn þekkjum við öll.

Af hverju Palestínu-ríki?

Framhald af bls. 4

miðlabylltingin hófst gátu Ísraelar ekki lengur falið sannleikann. Ekki þegar Íslendingar sjá fjöldamorð sem Ísraelar fremja daglega á saklausum og óbreyttum Palestínumönnum. Þegar myndavélar fóru að sýna myndir frá vegatálmunum sem Ísraelsmenn settu upp þvers og kruss í Palestínu. Þegar Íslendingar sjá aðskilnaðarmúrinn rísa á landi Palestínumanna sem skiptir bæjum og jafnvel götum í tvennt. Þegar Íslendingar sjá að bændum er mein-ður aðgangur að ökrum sínum og verkamenn fá ekki að fara til vinnustaða sinna. Þegar Íslendingar sjá börn niður í 12 ára aldur dæmd í fangelsi fyrir mótspyrnu gegn hernáminu. Þegar börn fæddust og dóu meðan beðið var við vegatálmana og ísraelskir hermenn horfðu á. Þegar Íslendingar urðu vitni að því að Ísraelsmenn sprengdu hús Palestínumanna til að byggja fyrir landtökumenn sem eru fluttir frá Austur-Evrópu og Bandaríkjunum. Þegar Íslendingar urðu vitni að grimmdarverkum og hatri Ísraelsmanna og afneitun þeirra á tilverurétti réttmætra eigenda þessa lands, þá kom breytingin. 80% Íslendinga styðja frumvarpið um viðurkenningu á Palestínuríki með landmærunum sem voru í júní 1967 áður en Ísrael hernam allt landið.

Við Palestínumenn viljum sjálfstætt ríki til að geta ákveðið framtíð okkar sjálfir. Til að anda að okkur því frelsi sem aðrar þjóðir telja sjálfsögð réttindi. Til að tryggja okkur og börnum okkar það öryggi sem við eigum rétt á. Til að fæðast á fæðingardeildum en ekki á vegatálum. Til að geta heimsótt nágranna eða frænda án þess að þurfa að sækja um leyfi hjá herstjórninni. Til að hætta að búa við ömurlegar aðstæður í flóttamannabúðum. Til að þurfa ekki lengur að bíða í biðröðum eftir matargjöfum frá alþjóðastofnunum. Við Palestínumenn höfum burði til að halda uppi friðsömu ríki við hliðina á Ísrael. Við höfum hæsta menntunarstig Mið austurlanda. Arabaríki við Persaflóann og Sádi-Arabía voru að stórum hluta byggð upp af Palestínumönnum og þrátt fyrir allar hörmungarnar sem við þurfum að búa við þá er blómstrandi menning í tónlist og ljóðum. Þess vegna viljum við sjálfstætt ríki.

Rasísk lög í Knesset

Þingkosningunum 2009 komst öfga-fyllsta samsteypustjórn í sögu Ísraels til valda. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa: Nýkjörnu þingmennirnir – sér í lagi þeir sem kóma úr Yisrael Beteinu, flokki Liebermans og þeir þjóðernissinnuðustu úr Likud – lögðu fram fjölda umdeilda lagafrumvarpa. Sum voru allt of öfga-kennd til að þau yrðu samþykkt, til dæmis lögin sem áttu að þvinga arabíska borgara í landinu til að sverja Ísrael hollustu sem ríki gyðinga. En mörg frumvarpanna hlutu samþykki meirihluta þingsins, þar á meðal hin svokölluðu sniðgöngulög sem gera það refsivert að hvetja til sniðgöngu gagnvart Ísrael. Önnur lög þvinga frjáls félagasamtök – og þá sérstaklega mannréttindahreyfingar á vinstri væng – að upplýsa hvaðan þau þiggja styrki. Þetta getur torvaldað þeim að fá fjármagn frá opinberum aðilum erlendis frá.

Flestum nýju lögunum er beint gegn arabíska minnihlutanum í landinu og gegn Palestínumönnum á herteknu svæðunum. Þar með verður auðveldara, í skjóli laganna, að viðhalda þeirri aðskilnaðarstefnu og mismunun sem þegar er til staðar í Ísrael.

Ein lögin veita leyfi fyrir því að selja einkaaðilum land sem tilheyrir palestínskum flóttamönnum eða sem tekið var eignarnámi þegar Ísraelar náðu arabískum þorpum á sig vald árið 1948. Það gerir réttmætum eigendum ókleyft að gera tilkall til þeirra fyrir rétti þegar fram líða stundir, t.d. í kjölfar friðarsamninga.

Önnur lög kveða á um að ekki megi selja land, og leigja nema til fimm ára, öðrum en ísraelskum ríkisborgurum og gyðingum. Þetta þýðir að palestínskir flóttamenn geta ekki fengið landið sitt aftur, fengju þeir að snúa heim, þar sem þeir eru „útlendingar“ samkvæmt nýrri skilgreiningu. Fram að því voru þeir sagðir „fjarverandi“ og landskikinn var í vörslu fram að því að samið yrði um frið. Þingið færði einnig í lög að um það bil 700 smærri samfélög í Galíleu og Negeveyðimörkinni megi dæma um „hæfi“ þeirra sem vilja setjast að þar. Tilgangurinn með þessu er auðvitað að halda arðum og öðrum minnihluta-hópum sem ekki eru álitnir falla að samfélaginu í burtu. Lögin gera þessum samfélögum kleyft að setja eigin skilyrði fyrir hverjir megi búa þar, til dæmis að þeir þurfi að aðhyllast „sionísk sjónarmið“. Önnur lög leyfa mismunun í ríkisstyrkjum

þar sem sumir (gyðinga)þæir og land-svæði fá „förgang á þjóðernisgrundvelli“.

Samkvæmt sömu lögum eru börn sem hafa ekki fengið bólussetningu samkvæmt tilmælum heilbrigðisráðuneytisins ekki rétt á barnabótum. Þetta bitnar fyrst og fremst á bedúinum í Negeveyðimörkinni þar sem þeir eiga síður aðgengi að heilsugæslu en aðrir í Ísrael.

Önnur lög veita hermönnum sem hafa lokið herskyldu frekari fríðindi, en það eykur enn á mismuninn milli gyðinga og araba. Fyrrverandi hermönnum býðst t.d. ókeypis menntun og hlunnindi á húsnæðismarkaðnum. Palestínumenn gegna ekki herþjónustu og er því mismunað á grundvelli þjóðernis síns.



Debbie Gild-Hayo, lögfræðingur hjá Samtökunum um borgaraleg réttindi í Ísrael

Eins eru lög sem er beint sérstaklega að einhverri ákveðinni manneskju, til að mynda lögin sem leyfa það að stöðva launa- og eftirlaunagreiðslur til þingmanna í Knessetinu ef hann er grunaður um alvarleg brot og mætir ekki fyrir dóm. Þessum lögum er beint sérstaklega gegn palestínska stjórnámamanninum Ahmed Bishara sem yfirgaf Ísrael 2007 í kjölfar þess að hann var ásakaður um að hafa veitt Hizbollah upplýsingar í Libanonsstríðinu árið 2006. Ríkið hefur



Eftir Catrin Ormestad

enn ekki lagt fram neinar sannanir gegn Bishara.

Önnur lög fela í sér að hægt er að svipta mann ríkisborgararétti ef maður er grunaður um landráð, njósnir, hryðjuverk eða þvíumlíkt. Þess konar lögum er beint sérstaklega gegn arabíska minnihlutanum og setur ríkisborgararétti þeirra skilyrði.

Hér bergmálar slagorð öfgahægrimanna: „Enginn hollusta, enginn ríkisborgararéttur“.

Enn ein lögin sem traðka á lýðræðislegum réttindum Palestínumanna í Ísrael eru Nakba-lögin svokölluðu, en þau gefa ríkinu rétt til þess stöðva fjárstyrki til hreyfinga ef þær lýsa efasemdum yfir því að Ísrael eigi að vera „ríki gyðinga“ eða vekja athygli á flóttamannavandamálinu sem skapaðist þegar Ísraelsríki var stofnað. Lögin hefta þannig tjáningarfrelsi Palestínumanna og minnka möguleika þeirra á að geta viðhaldið sögu sinni og menningu.

Þessi nýju lög spanna augljóslega mörg svið – réttin til að eiga land og taka þátt í stjórnmálastarfi, máls- og félagafrælsi og ríkisborgararétt – en þau eiga það sameiginlegt að þau ráðast kerfisbundið gegn Palestínumönnum í Ísrael og skerða réttindi þeirra, eingöngu á grundvelli þjóðernis þeirra. Eins bitnar þetta á á Palestínumönnum á herteknu svæðunum og flóttamönnum.

Debbie Gild-Hayo, lögfræðingur hjá Samtökunum um borgaraleg réttindi í Ísrael (ACRI) hikar ekki við að kalla lögin rasísk og andlýðræðisleg.

„Það er alveg ljóst að þau eru það. Megintilgangurinn með þeim er að vega að stöðu Palestínumanna í Ísrael. Með þessu er ráðist gegn réttindum þeirra eða grafið undan stöðu þeirra í samfélaginu með því að skilgreina Ísrael sem „ríki gyðinga“. Það er svívirðilegt að lýðræðislegu kjörnir fulltrúar í meirihluta á þingi hagnýti sér stöðu sína til að skaða minnihlutahópa í landinu.“

Í og með er lögin aðeins táknræn.

„Hollustueiður hefur enga hagnýta merkingu. Hver sem er getur jú sagst trúr án þess að meina það. Eini tilgangurinn með lögunum er að senda Palestínumönnum þau skilaboð að þeir séu annars flokks borgarar og að við séum að gera þeim greiða með því að leyfa þeim að vera herna.“

Gild-Hayo telur þetta allt bera að sama brunni:

„Öll þessi lög eru til þess gerð að sigta Palestínumenn út sem óvininn. Krefjast maður af einhverjum að hann geri grein fyrir trúnaði sínum hlýtur það að vera vegna þess að mann gruni að hann sé ótrúr. Því er svipað farið með lögin sem er beint gegn mannréttindasamtökunum. Þeir álíta alla óvini sem eru ekki sömu skoðunar og þeir – sem deila ekki sýn þeirra á það hvernig Ísrael eigi að vera.“

Gild-Hayo telur að jafnvel þau lagafrumvörp sem ekki eru samþykkt valdi skaða þar sem skoðanirnar sem þau tjá síst inn í almenningsvitundina. Þetta hafi orðið þess valdandi að æ meira beri á öfgafullum skoðunum í Ísrael.

„Fólk venst því að það sé í lagi að hata Palestínumenn og að líta svo á að þeir eigi ekkert heima í Ísrael. Það reynir ekki lengur að dylja þá skoðun. Þetta er til marks um þá stefnu sem er að leiða Ísrael í uggvænlega átt.

Öfgahægrivængurinn hefur sí og æ reynt að fá á móta lög samþykkt en það hefur aldrei tekist. Nú er allt í einu mikill meirihluti á þingi fylgjandi slíkri laga-setningu.“

Seinasta lagafrumvarpið – og kannski það hættulegasta – sem kveður á um að Ísrael skuli í senn að teljast ríki gyðinga og lýðræðisríki, á öruggt fylgi í Knessetinu, þökk sé stuðningi margra félaga í Kadima, miðjuflokkinum sem Tzipi Livni fer fyrir.

„Þetta hefur versnað“, segir Gild-Hayo. Áður fyrr hafi öfgahægrivængurinn verið vanur að fallast á að það sé til fólk sem er á annarri skoðun. En nú þurfi hann ekki lengur að þykjast vera fylgjandi lýðræði.

Hún álítur að það megi vel notað hugtakið apartheit yfir ástandið í Ísrael.

„Það á svo sannarlega við sum lög og kringumstæður – til dæmis þegar Palestínumenn og Ísraelar fá ekki að aka á sömu vegum, eða fá ekki að búa á sama stað eða eru dæmdir eftir ólíkum lögum. Í Ísrael eru sérstök lög sem er alveg ljóst að mismuna fólki, til dæmis lögin um endurkomu.“

Haldi þetta svona áfram getur það grafið undan lýðræði í Ísrael. – Þá verður það apartheit þar sem fólk hefur ólík tækifæri og réttindi. Gild-Hayo hefur miklar áhyggjur af því hvað geti gerst. Henni líður sífellt verr í því Ísraelsríki sem hægrivængurinn er að reyna að koma á fót, en hún getur jafnframt ekki hugsað sér að búa annars staðar.

„Ég álít þetta landið mitt. Ég get ekkert annað farið. Ég trúi því að það þurfi að vera til þjóðríki fyrir gyðinga. Ég kalla mig sionista. En ég get ekki hugsað mér að búa í ríki sem er ekki fyrst og fremst lýðræðisríki og stendur vörð um mannréttindi fyrir minnihlutahópa og skilur að Palestínumenn tilheyra þessu landi og hafa sama rétt – já meira að segja alveg sérstakan rétt til varnar menningu sinni og tungumáli. Þeir voru nú einu sinni hérna á undan okkur. Ég get ekki farið frá Ísrael, svo það eina sem ég get gert er að reyna að verja lýðræðið.“

Greinin birtist í þriðja tölublaði sænska tímaritsins Kolonialism och Apartheid árið 2011, en það er útgafið af Palestínagruppuna I Sverige, sænskri samstöðuhreyfingu með Palestínu. Einar Steinn Valgarðsson þýddi.

Einar Steinn Valgarðsson:

Rachel Avnery

Á árinu sem leið lést Rachel Avnery úr krabbameini. Hún var friðaraktivisti, ljósmyndari og kennari og meðstofnandi Ísraelsku friðarsamtakanna Gush Shalom, ásamt eiginmanni sínum, Uri. Samtökin hafa um áraraðir barist fyrir endalokum hernámsins, rétti Palestínumanna til sjálfstæðs ríkis miðað við landamærin fyrir sex daga-stríðið, rétti flóttamanna í grundvallaratriðum til að snúa aftur og að ríkin deili með sér Jerúsalem sem höfuðborg. Árið 2001 hlutu Gush Shalom, Rachel og Uri The Right Livelihood-verðlaunin, sem gjarnan eru kölluð „hin Nóbelsverðlaunin“, fyrir „óbifandi sannfæringu sína, í miðjum átökum, um að einungis sé hægt að koma á friði með réttlæti og sættir að leiðarljósi.“ Á vefsíðu samtakanna er myndband frá minningarathöfn um hana og sjálfur skrifaði Uri afar fallega minningargrein um sem hann nefndi einfaldlega „Rachel“ og einnig má finna á vefsíðunni. Hvet ég



Hjónin Uri og Rachel Avnery.

lesendur blaðsins til að lesa greinina og horfa á myndbandið. Af þeim má skynja hvílk merkiskona hún var.

Fyrir hönd Félagsins Ísland-Palestína vil ég votta Rachel Avnery virðingu mína og Uri samúð.

Meðal fegurstu ummælna sem fallið hafa í minningu Rachel eru þau sem flutt voru við lok minningarathafnarinnar, veraldleg gyðingabæn sem ég snara hér úr ensku og læt verða lokaorð pistilsins:

Megi hún vera lofuð fyrir líf sitt

Og blessuð í minningum okkar

Fyrir hvatvís æskuverk

Og fyrir verkin sem henni auðnaðist ekki að ljúka

Fyrir draumana sem ofnir voru og fölnuðu

*Fyrir dýrmæta eiginleika rétt eins og mannlegan breiskleika sem nú
eru horfnir á braut*

Gegn um þoku tímans

Megi minningin um líf hennar

Glóa aflífi í himni hjartna okkar

Og nafn hennar vara eins og sólín

Því minnið er öflugast mannlegra dyggða

Handan skila tímans

Mun nafn hennar ekki hulið myrkri

Lífshvötin

Mun veita okkur skjól í djúpri sorg okkar

Hringrás tímans mun sýna miskunn

Megum við varðveita öll blómin úr lífi hennar um ókomna daga



Málgagn Félagsins Ísland-Palestína
1. tbl. 23. árg. – Janúar 2012

Ritstjóri: Einar Steinn Valgarðsson
Útlit og umbrot: Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:
Sveinn Rúnar Hauksson, formaður
Borgþór S. Kjærnested, varaformaður
Björg Árnadóttir, ritari
Lára Jónsdóttir, gjaldkeri
Einar Teitur Björnsson, sölustjóri
Hjálmtyr Heiðdal, kynningarstjóri
Einar Steinn Valgarðsson, kvikmyndasýningastjóri

Varastjórn:
Sema Erla Serdar
Anna Pála Sverrisdóttir

Aron Björn Kristinsson
Egill Bjarnason, sjálfboðaliðastjóri
Eldar Ástþórsson, verkefnastjóri
Linda Ósk Árnadóttir, 2. varaformaður
Yousef Tamimi, sniðgöngustjóri

Póstfang:
Félagið Ísland-Palestína
Depluhólar 9, 111 Reykjavík, sími: 895 1349
Heimasíða: www.palestina.is
Netfang: palestina@palestina.is
<http://www.facebook.com/groups/aip87/>

Hjálmtyr Heiðdal:

Það er fátt að finna

Eftir að sionistar yfirtóku Palestínu 1948–1967 hófu þeir að grafa eftir áþreifanlegum sönnunum þess að forfeður þeirra hefðu átt dvalarstað í „Landinu helga“. Þeir töldu mikilvægt að sýna umheiminum að goðsagan um þjóð Ísraels til forna væri sannur og áþreifanlegur grundvöllur hins nýja Ísraelsríkis. Leiðarvísir sionisku leitarmannanna var Biblían. Sannfærðir um að það tækist að finna vegsummerki um ríki Davíðs konungs og hetjudáðir Jósúa var grafið af krafti á þeim stöðum sem frásögn Biblíunnar benti á. Mikil áhersla var lögð á uppgröft í Jerúsalem, þar átti að finna sannanir fyrir glæstir fortíð gyðinga. En ekki hefur það gengið samkvæmt vonum sionistanna.

Tveir af fremstu fornleifafræðingum Ísraels birtu niðurstöður sínar á prenti 2002:

„Það er búið að rannsaka og grafa aftur og aftur í Jerúsalem ... uppgröfturinn hefur ekki skilað neinum mikilvægum sönnunargögnum fyrir búsetu á 10. öld (tímabil Davíðs og Salómons). Niðurstaðan var ekki eingöngu sú að það fundust engin merki um stórkostlegar byggingar, það vantaði einnig hin minnstu pottabrot. Þessi skortur á sönnunargögnum gat aðeins leitt til þeirrar niðurstöðu að á tíundu öld var Jerúsalem fremur lítilfjörleg, kanski var hún bara lítið dæmigert fjallaborg“ (Finkelstein og Silberman: *The Bible Unearthed: Archaeology's New Vision of Ancient Israel and the Origins of its Sacred Texts*)

Ze'ev Herzog, einn þekktasti fornleifafræðingur Ísraels, prófessor í fornleifafræði við Háskólann í Tel Aviv dró saman í grein (29. okt. 1999) árangur 70 ára samfelldra fornleifarannsókna í Ísrael: „Það sem fornleifafræðingar hafa uppgötvað eftir rannsóknir í Landi Ísraels er eftirfarandi: Ísraelftar dvöldust aldrei í Egyptalandi, reikuðu ekki um eyðimörkina, hertóku ekki landið né gáfu það hinum 12 ættkvíslum. Ef til vill er erfiðast að melta þá staðreynd að voldugt ríki Davíðs og Salómons, sem samkvæmt



Ísraelskir fornleifafræðingar við árangurslausa leit að sönnunum um forna dýrd.

Ísraelskir fornleifafræðingar valda usla

lýsingu Biblíunnar réði stóru svæði, var í mesta lagi lítið ættflokkaveldi. Og það mun koma mörgum óþægilega á óvart að guð Ísraels, Jehova, átti sér fylginaut af kvenkyni ... Þessi vitneskja hefur verið tiltæk í mörg ár, en Ísraelar eru þrjóskir og enginn vill hlusta á þetta.

Ef einhver leyfir sér að efast um áreiðanleika Biblíufrásagnarinnar þá er það álitíð vera tilraun til þess að grafa undan „sögulegum rétti okkar“ og atlaða að goðsögnum þjóðarinnar sem nú vinnur að endurreisn hins gamla konungsdæmi Ísraels. Þessar goðsagnir eru taldar svo mikilvægar til að byggja upp nýja Ísraelska þjóðarvitund að hver tilraun til að véfengja sannleiksgildi þeirra er mætt með andúð eða þögn.“

Í bók sinni, *Goðsagnir sionismans*, skrifar John Rose (sem er af enskum gyðingaaættum) um erfiðleika sionista við að sýna fram á einhvern rétt til lands Palestínu. Vandamálið felst m.a. í því að hio forna Ísrael, sem á að hafa verið máttugt menningarriki með merkum byggingum, hefur ekki skilið eftir neinar minjar. Þekking nútímans á

fornum ríkjum byggir yfirleitt á skráðum heimildum og/eða leifum bygginga sem bera vott um menningarstig hinna horfnu þjóðfélaga. John Rose skrifar að „við höfum ekki fundið leifar ritaðra heimilda frá því tímabili sem Davíð og Salómon áttu að ríkjast í hinu forna Ísrael. Og það er vandamálið. Hið skrifaða orð segir okkur til um menningarstig ríkisins...hvar eru ritaðar heimildir hins forna Ísraels?“

Það ber allt að sama brunni, forna Ísrael er eingöngu til í texta Biblíunnar.

Stolið land

Niðurstaðan er sú að það hefur mistekist að staðfesta sagnfræðilegt gildi trúarritanna og rannsóknir vísindamanna sýna að landakrafa sionista sem byggð var á frásögnum trúarritanna er ekki marktæk. En áróður sionista og samþykkt Sameinuðu þjóðanna 1947 byggðu á þessum „sannleika“ um uppruna og fornan rétt gyðinga. Árangurinn varð harmleikur Palestínumanna; brottrekstur frá fornum heimkynnum og svipting allra mannréttinda. Aðkomnir Evrópumenn stálu landinu, þeir stálu húsum í borgum og þorpum, þeir stálu búfænaði, þeir stálu innanstokksmunum og þeir stálu meira að segja menningu og siðvenjum Palestínumanna.

Allt var þetta gert í nafni hugmynda um sérrettindi og sérstakan uppruna sem reynast byggðar á óskhyggju, fölsun og pólitískri svikamyllu.

(Sagan um landvinninga sionismans á erindi til Íslendinga. Forystumenn þjóðarinnar tóku ákvörðun um að styðja stofnun Ísraels í landi Palestínu á grundvelli goðsagnanna um tilkall hóps Evrópumanna til landssvæðis sem var byggt öðru fólki. Palestínumenn voru hraktir úr sínum heimahögum og eru enn, rúmum sex áratugum síðar, réttlausir útlagar.)

Viðtakandi: